



ÁRSSKÝRSLA **2018**



Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri

ÁRSSKÝRSLA 2018



Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri




EFNISYFIRLIT

| | |
|--|-----|
| Skipurit og stjórn | 6 |
| Reglur og stefnumál | 9 |
| Formáli rektors | 10 |
| Starfsmenn | 12 |
| Gæðamál | 16 |
| Góðvinir Háskólans á Akureyri | 17 |
| Heilbrigðisvísindasvið | 18 |
| Hug- og félagsvísindasvið | 24 |
| Miðstöð skólaþróunar – MSHA | 31 |
| Víðskipta- og raunvísindasvið | 33 |
| Miðstöð doktorsnáms | 39 |
| Rannsóknir | 41 |
| Markaðs- og kynningarsvið | 42 |
| Fjármál og greining | 44 |
| Nám og nemendur | 46 |
| Nemendaskrá | 51 |
| Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri – RHA | 52 |
| Bókasafn og upplýsingaþjónusta | 55 |
| Kennslumiðstöð | 57 |
| Stúdentafélag Háskólans á Akureyri – SHA | 60 |
| Félagsstofnun stúdenta á Akureyri – FÉSTA | 62 |
| Símenntun Háskólans á Akureyri | 63 |
| Sjávarútvegsmiðstöðin við Háskólann á Akureyri – SHA | 64 |
| Rannsóknamiðstöð ferðamála – RMF | 66 |
| Rannsóknþing norðursins – NRF | 68 |
| Samningar | 71 |
| Eitt og annað | 72 |
| Ársreikningur 2018 | 78 |
| Brautskráningarræða rektors | 80 |
| Brautskráning frá Háskólanum á Akureyri | 84 |
| Brautskráðir, nafnalisti | 86 |
| Brautskráðir, hópmyndir | 95 |
| Lokaritgerðir | 100 |



HÁSKÓLARÁÐ



STJÓRN

Yfirstjórn háskólans er falin háskólaráði og rektor. Háskólaráð er æðsti ákvörðunaraðili innan skólans. Háskólaráð hélt 11 fundi frá janúar til desember.

Háskólafundur er haldinn að minnsta kosti einu sinni á ári. Hann er vettvangur fyrir umræðu um fagleg málefni innan háskólans og akademíska stefnumótun. Fulltrúar nemenda, kennara og annars starfsfólks sitja háskólafundum. Háskólafundur var haldinn 29. nóvember 2018.

Framkvæmdastjórn sér um samræmingu á daglegum rekstri háskólans. Þar er farið yfir fjármál, áætlanagerð og uppgjör, teknaárvarðanir um samstarfssamninga og rætt um framgang þróunarverkefna og nýsköpunar, auk samræmingar verkefna á milli einstakra akademískra skipulagseininga og háskólaskrifstofu. Í framkvæmdastjórn sitja rektor, sem er í forsæti, framkvæmdastjóri og forsetar fræðasviða. Þá sitja framkvæmdastjórnarfundum, með málfrelsi og tillögurétt, forstöðumaður fjármála og gæðastjóri háskólans, skv. reglum nr. 387/2009 fyrir Háskólann á Akureyri, með síðari breytingum.

Við háskólann starfar gæðaráð. Meginhlutverk þess er að bera ábyrgð á framkvæmd gæðakerfis háskólans og tryggja að háskólinn standist ávallt þær kröfur sem gerðar eru til gæða í starfi hans.

Gæðaráð skipa gæðastjóri, sem er í forsæti, fulltrúar fræðasviða, forstöðumaður Kennslumiðstöðvar HA og forstöðumaður nemendaskrár og ennfremur tveir fulltrúar nemenda, sem Stúdentafélag Háskólans á Akureyri tilnefni, og tveir fulltrúar sem starfsmenn tilnefna, annar er fulltrúi akademískra starfsmanna og hinn fulltrúi starfsfólks við stjórnslu og stoðþjónustu.

Háskólaráð er skipað skv. lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla, með síðari breytingum.

Háskólaráð var þannig skipað:

Eyjólfur Guðmundsson rektor, formaður háskólaráðs

Björn Ingimarsson, fulltrúi mennta- og menningarmálaráðherra

Hermína Gunnþórsdóttir dósent, fulltrúi háskólasamfélagsins

Sigfríður Inga Karlsdóttir dósent, fulltrúi háskólasamfélagsins

Berglind Ósk Guðmundsdóttir, fulltrúi nemenda, í upphafi árs

Sólveig María Árnadóttir, fulltrúi nemenda frá og með fundi í mars

Brynhildur Pétursdóttir framkvæmdastjóri, fulltrúi háskólaráðs

Finnbogi Jónsson framkvæmdastjóri, fulltrúi háskólaráðs

Til vara:

Lára Halldóra Eiríksdóttir kennari, fulltrúi mennta- og menningarmálaráðherra

Edward H. Huijbens prófessor, fulltrúi háskólasamfélagsins

Óskar Þór Vilhjálmsson tæknimaður, fulltrúi háskólasamfélagsins

Valdemar Karl Kristinsson, fulltrúi nemenda, í upphafi árs

Lísa Margrét Rúnarsdóttir, fulltrúi nemenda frá og með fundi í mars

Erla Björg Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri, fulltrúi háskólaráðs

Rektor:

Eyjólfur Guðmundsson.

Staðgengill rektors á fyrri hluta árs var Eydís Kr. Sveinbjarnardóttir, forseti heilbrigðisvísindasviðs. Rannveig Björnsdóttir, forseti viðskipta- og raunvísindasviðs, var staðgengill frá 1. ágúst.

**Framkvæmdastjóri:**

Ólafur Halldórsson í byrjun árs. Hann lét alfarið af störfum 1. apríl. Hólmar Svansson var ráðinn framkvæmdastjóri háskólaskrifstofu og tók hann við starfinu 1. mars.

Gæðastjóri:

Sigrún Magnúsdóttir.

Fræðasvið og forsetar fræðasviða.

Háskólinn skiptist í þrjú fræðasvið skv. 7. gr. reglna nr. 387/2009 með síðari breytingum.

Heilbrigðisvísindasvið:

Eyðís Kristín Sveinbjarnardóttir. Staðgengill forseta var Sigríður Halldórsdóttir.

Hug- og félagsvísindasvið:

Lars Gunnar Lundsten til 1. ágúst. Anna Ólafsdóttir var staðgengill forseta til 1. ágúst og starfandi forseti sviðsins frá þeim tíma.

Viðskipta- og raunvísindasvið:

Rannveig Björnsdóttir. Staðgengill forseta var Guðmundur Kr. Óskarsson.

Forstöðumaður fjármála-, starfsmanna- og rekstrarsviðs:

Úlfar Hauksson í byrjun árs. Hann sagði starfi sínu lausu frá 1. október 2017. Harpa Halldórsdóttir var ráðin forstöðumaður fjármálasviðs frá og með 15. febrúar 2018.

Forstöðumaður nemendaskrár:

Stefán Jóhannsson til 31. ágúst.

Forstöðumaður markaðs- og kynningarsviðs:

Katrín Árnadóttir.

Forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar HA – RHA:

Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir.

Forstöðumaður bókasafns og upplýsingaþjónustu:

Astrid Margrét Magnúsdóttir.

Forstöðumaður náms- og starfsráðgjafar:

Solveig Hrafnadóttir.

Forstöðumaður Kennslumiðstöðvar HA – KHA:

Auðbjörg Björnsdóttir.

Forstöðumaður Miðstöðvar doktorsnáms við Háskólann á Akureyri frá 1. ágúst:

Lars Gunnar Lundsten.



REGLUR OG STEFNUMÁL SAMÞYKKT Í HÁSKÓLARÁÐI 2018

Háskólaráð samþykkti þann 22. febrúar Reglur nr. 287/2018 um viðurkenningu Háskólans á Akureyri á akademísku hæfi starfsmanna Sjúkrahússins á Akureyri – SAK og veitingu akademískrar nafnbótar við Heilbrigðisvísindastofnun Háskólans á Akureyri HHA.

Háskólaráð samþykkti þann 22. febrúar takmörkun á fjölda nemenda á vormisseri 1. námsárs í sálfræði árið 2019 við hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri, sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum nr. 394/2018.

Þá var einnig samþykkt takmörkun á fjölda nemenda á vormisseri 1. námsárs í lögreglu- og löggæslufræði (BA) 2019 við hug- og félagsvísindasvið, sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum nr. 481/2018.

Háskólaráð samþykkti þann 22. mars Stefnu Háskólans á Akureyri 2018 – 2023.

Háskólaráð samþykkti þann 22. mars takmörkun á fjölda nemenda sem öðlast rétt til náms á vormisseri 1. námsárs í hjúkrunarfræði árið 2019, sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum nr. 393/2018.

Háskólaráð samþykkti þann 26. apríl að bjóða samgöngusamninga milli Háskólans á Akureyri og starfsfólks skólans.

Háskólaráð samþykkti þann 26. apríl stofnskrá fyrir Rannsóknamiðstöð norðurlóða – NRF (Northern Research Forum).

Háskólaráð samþykkti þann 21. júní Reglur nr. 701/2018 um doktorsnám og doktorspróf við Háskólann á Akureyri.

Háskólaráð samþykkti þann 21. júní Reglur nr. 700/2018 um val á nemendum til náms til BA-prófs í lögreglu- og löggæslufræði við hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri.

Háskólaráð samþykkti þann 21. júní Reglur nr. 699/2018 um val á nemendum til náms í sálfræði við hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri.

Háskólaráð samþykkti þann 21. júní Reglur nr. 928/2018 um starfskyldur kennara við Háskólann á Akureyri.

Háskólaráð samþykkti þann 20. sept. starfsreglur háskólaráðs HA.

Háskólaráð samþykkti þann 20. sept. Reglur nr. 921/2018 um námsmat fyrir Háskólann á Akureyri.

Háskólaráð samþykkti þann 18. okt. breytingar á Reglum um vísindasjóð frá 24. nóvember 2016.

Háskólaráð samþykkti þann 18. okt. Verklagsreglur stjórnar vísindasjóðs.

Háskólaráð samþykkti þann 20. des. breytingar á reglum um gjaldskrá Háskólans á Akureyri vegna þjónustu við nemendur og innheimtu og ráðstöfun skrásetningargjalds.

Háskólaráð samþykkti þann 20. des. nýtt skipulag HA. Breytingar ná til verkaskiptingar milli háskólaskrifstofu og skrifstofu rektors. Þær voru samþykktar með fyrirvara um breytingar á skipulagi hug- og félagsvísindasviðs sem voru kynntar á fundinum.

FORMÁLI REKTORS

Háskólinn á Akureyri hóf 31. starfsár sitt haustið 2018, í fyrsta sinn sem háskóli með námsframboð á öllum þremur stigum háskólánáms, þ.e. bakkalárnáms, meistaranáms og doktorsnáms. Ársins 2018 verður því minnst fyrir þau kaflaskil sem þá urðu í sögu skólans.

Doktorsnámið verður grunnur að eflingu rannsóknar- og nýsköpunarstarfsemi við háskólann.

Fræðafólki gefast betri tækifæri til þess að leiða íslenskt samfélag inn í þá miklu breytingatíma sem framundan eru. Í því sambandi er oft rætt um fjórðu iðnbyltinguna, þá sérstaklega um sjálfvirkivæðingu atvinnugreina, en einnig um mikla upplýsingasöfnun og sitengdan heim og möguleika sem ný tækni færir með sér og má líkja við umskiptin sem urðu þegar síðasta iðnbylting gekk yfir.

Háskóli er ekki bara bygging, staðsetning eða tækni heldur miklu fremur samfélag fólks þar sem öflun og miðlun þekkingar er kjarninn. Skólinn er mannauðurinn sem hann hefur á að skipa, nemendurnir sem hér sækja sér menntun og samfélagið sem þeir mynda.

Framlag háskólans til samfélagsins veltur á því hvernig til tekst við að byggja upp starfsfólk, menntun og rannsóknir. Háskólinn á Akureyri hefur metnaðarfulla stefnu fyrir árin 2018 – 2023. Þar er stuðningur við mannauðsmál í fyrirrúmi. Til að auka hlutfall doktorsmenntaðra starfsmanna hefur skólinn stutt sérstaklega við starfsfólk í doktorsnámi og hefur það skilað góðum árangri. Það er nauðsynlegt til að efla rannsóknarstarfsemi og doktorsnám við skólann. Þrír starfsmenn luku doktorsnámi á árinu og eru nú 55% háskólakennara með doktorspróf, eða 61 kennari af 111.

Nám við Háskólann á Akureyri er eftirsótt sem áður. Haustið 2018 voru 2.389 nemendur skráðir í nám við skólann sem var rúmlega 15% aukning frá árinu áður. Er það fimmta árið í röð sem nemendum fjölga. Fjölgunin frá árinu 2013 er 51%.

Slíkur vöxtur er ekki sjálfbær nema til komi veruleg aukning í fjármögnun en sú raunaukning sem skólinn hefur fengið á síðustu árum dugar tæplega.

Haustið 2018 þurfti að auka almennar takmarkanir fyrir inntöku nýrra nemenda. Samkeppnispróf voru tekin upp fyrir fleiri námsgreinar en áður og inngönguskilyrði voru hert.

Þá hefur undanþágum frá stúdentsprófi verið stórlega fækkað. Með þessum nauðsynlegu aðgerðum verður auðveldara að stýra vexti skólans. Tilgangurinn er að standa vörð um gæði námsins miðað við það fjármagn sem háskólinn hefur.

Það er þó umhugsunarvert hver heildaráhrifin verða fyrir íslenskt samfélag þegar aðgengi að háskólanámi er takmarkað umtalsvert. Hvað varðar Háskólann á Akureyri koma þessar aðgerðir sérstaklega

niður á nemendum sem búa utan höfuðborgarsvæðisins, því það á við um 65% af nemendum skólans. Sú spurning hlýtur að vakna hvaða möguleika fólk með mismunandi bakgrunn og mikla reynslu úr atvinnulífínu og samfélaginu almennt hefur til að afla sér frekari menntunar á háskólastigi. Eins og fram hefur komið eru framundan samfélagsbreytingar sem ekki sér fyrir endann á og kalla á ýmiss konar nýja þekkingu og kunnáttu sem háskólarnir geta veitt ef þeim er gert það kleift.

Hvað varðar rannsóknarstarfsemi við háskólann drógust rannsóknir starfsfólks saman milli árána 2016 (2.323 stig) og 2017 (2.142 stig) en stigafjöldi jókst aftur árið 2018 í 2.571 stig.

Helstu ástæður þessarar fækkunar stiga má rekja til þess hvað háskólinn vex ört meðan starfsfólki fjölga ekki að sama skapi, og enn fremur var undirbúningur að doktorsnámi mikið verkefni hjá stórum hópi starfsmanna. Aukningin 2018 er vel viðunandi í því ljósi enda voru rannsóknarstig fleiri þá en síðustu fimm árin þar á undan.

Rannsóknir eru grunnurinn að þeirri þekkingu sem háskólinn miðlar til nemenda sinna og til samfélagsins alls. Áfram verður unnið að því að auka rannsóknir við háskólann í samræmi við stefnu skólans.

Tekist hefur að halda rekstri háskólans innan fjárheimilda og árið 2018 var ekki undantekning frá því. Það reyndist þó erfiðara en mörg fyrri ár og var reksturinn alveg í járnum með afgangi sem nam um 2,4 milljónum króna.

Komi ekki til verulegra hækkana á fjárframlögum 2019 er ljóst að enn frekari takmarkana á aðgengi að námi verður þörf ásamt skýrri forgangsröðun verkefna.

Stefna Háskólans á Akureyri 2018 – 2023 er metnaðarfull sýn á það hvernig háskólinn mun eflast og dafna á næstu fimm árum. Fjórir grunnþættir stefnunnar eru:

- rannsóknir og nýsköpun
- nám
- samfélagsleg ábyrgð
- innra starf og mannauður.

Þessir þættir mynda stöðir fyrir vel á annað hundrað aðgerða sem miða að því að háskólinn verði ein öflugasta rannsókn- og menntastofnun landsins.

Ég vil þakka starfsfólki Háskólans á Akureyri fyrir kraftmikið og óeigingjarnt starf í þágu skólans. Jafnframt vil ég þakka Góðvinum HA og öðrum þeim sem studdu okkur á árinu fyrir þeirra framlag. Það er ómetanlegt fyrir stofnun eins og HA að vita af bakhjörllum sínum.

Nemendum þakka ég fyrir góð störf í þágu skólans og störf þeirra á vettvangi Landssambands íslenskra stúdenta – LÍS, en þar hafa nemendur háskólans verið sérstaklega öflugir síðustu ár. Þá þakka ég nemendum jafnframt fyrir að velja Háskólann á Akureyri.

Með vinsemd og virðingu,



Eyjólfur Guðmundsson, rektor.



STARFSMENN

Í rannsóknamisseri vorið 2018 voru eftirtaldir starfsmenn:

Þorbjörg Jónsdóttir lektor

Sigríður Margrét Sigurðardóttir lektor

Þóroddur Bjarnason prófessor

Andrea S. Hjalmsdóttir lektor

Arnheiður Eypórsdóttir aðjúnkt

Rannsóknamissurum var úthlutað á árinu eins og hér segir:

Birna María Svanbjörnsdóttir lektor, vor 2019

Edward H. Huijbens prófessor, haust 2018

Elísabet Hjörleifsdóttir dósent, haust 2018

Kristinn P. Magnússon prófessor, haust 2018 og vor 2019

Margrét Hrönn Svavarsdóttir dósent, haust 2018 og vor 2019

Sara Stefánsdóttir lektor, haust 2018 og vor 2019

Sigfríður Inga Karlsdóttir dósent, haust 2018

Þorlákur Axel Jónsson aðjúnkt, haust 2019.

Framgangur

Rektor veitir framgang í akademískar stöður skv. reglum nr. 1010/2106. Framgangur er veittur þann 1. júlí ár hvert og einnig er framgangur veittur við nýráðningu.

Helga Kristjánsdóttir fékk framgang í stöðu dósents við nýráðningu í auglýsta stöðu lektors við viðskipta- og raunvísindasvið. Helga var ráðin í stöðuna frá 1. apríl.

Hjördís Sigursteinsdóttir fékk framgang í stöðu dósents við nýráðningu í auglýsta stöðu lektors við viðskipta- og raunvísindasvið. Hjördís var ráðin í stöðuna frá 1. maí.

Þann 1. júlí hlaut framgang Gísli Kort Kristófersson dósent við heilbrigðisvísindasvið.

Yvonne Höller hlaut framgang til dósents við nýráðningu í auglýsta stöðu lektors/dósents/prófessors í sálfræði við hug- og félagsvísindasvið. Yvonne var ráðin í stöðuna frá 1. ágúst.



Eftirtaldir starfsmenn luku doktorsprófi

Þann 9. febrúar varði Rannveig Oddsdóttir doktorsritgerð sína í menntavísindum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Doktorsritgerðin heitir *Rituð textagerð í 1. – 4. bekk: Þróun, einstaklingsmunur og áhrif umskráningar, málþroska og sjálfstjórnar*. Á ensku: *Icelandic children's text writing in first to fourth grade: The development, individual differences and effect of encoding, language skills and self-regulation*.

Markmið rannsóknarinnar var að afla upplýsinga um þróun ritaðrar textagerðar hjá íslenskum börnum í 1. – 4. bekk. Leitað var svara við þremur meginspurningum:

- Hvernig þróast ritaðar frásagnir og upplýsingatextar íslenskra barna í 1. – 4. bekk?
- Spáir færni í umskráningu, málþroska og sjálfstjórn í 1. bekk fyrir um frammistöðu barna í ritun í 2. og 4. bekk?
- Hvernig birtist einstaklingsmunur í frammistöðu og framförum í ritaðri textagerð í 1. – 4. bekk og hvað veldur honum?

Leiðbeinandi var dr. Hrafnhildur Ragnarsdóttir, prófessor við Kennaradeild Háskóla Íslands. Meðleiðbeinendur voru dr. Sigurgrímur Skúlason, sérfræðingur hjá Menntamálastofnun, og dr. Freyja Birgisdóttir, dósent við Sálfræðideild HÍ. Auk þeirra sat í doktorsnefnd dr. Steinunn Gestsdóttir, prófessor við Sálfræðideild HÍ.

Andmælendur við vörnina voru dr. Jörgen Leonhard Pind, prófessor við Sálfræðideild Háskóla Íslands, og dr. Sigríður Sigurjónsdóttir, prófessor við Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands.



Þann 27. nóvember varði Kristín Þórarinsdóttir doktorsritgerð sína í hjúkrunarfræði við Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands. Doktorsritgerðin heitir *Persónu-miðaða matstækið Hermes. Þróun og notkun í endurhæfingarhjúkrun*. Á ensku: *The person-centred assessment tool Hermes. Development and use in rehabilitation nursing*.

Meginmarkmið doktorsritgerðarinnar er að lýsa:

i) heimspekilegum og fræðilegum hugmyndum og aðferðum sem nýttar voru við þróun persónumiðaðs matstækis í endurhæfingarhjúkrun sem nefnt var Hermes

ii) innleiðingu og notkun matstækisins í endurhæfingarhjúkrun.

Umsjónarkennari var dr. Kristín Björnsdóttir, prófessor við Hjúkrunarfræðideild HÍ, og var hún einnig leiðbeinandi ásamt dr. Kristjáni Kristjánssyni, prófessor við Jubilee Centre for Character and Virtues, University of Birmingham, Bretlandi. Auk þeirra sat í doktorsnefnd Þóra Jenný Gunnarsdóttir, dósent við Hjúkrunarfræðideild HÍ.

Andmælendur við vörnina voru dr. Brendan McCormack, prófessor við Queen Margaret University, Skotlandi, og dr. Snæfríður Þóra Egilson, prófessor við Félagsvísindasvið Háskóla Íslands.



Þann 14. desember varði Kristín Guðmundsdóttir doktorsritgerð sína í sálfræði við Sálfræðideild Háskóla Íslands. Doktorsritgerðin heitir *Snemmtæk íhlutun dreifbýlisbarna með fjarþjónustu sérfræðinga: Mat á áhrifum foreldraþjálfunar á færni barns og fjölskyldu*. Á ensku: *Rural Behavioral Consultation: An Analysis of the Effects of Caregiver Training via Telehealth on Child and Family Progress*.

Meginmarkmið þessarar rannsóknar var að meta með tilraunarsniði áhrif þess að kenna foreldrum dreifbýlisbarna með einhverfu, í gegnum fjarfund, gagnreyndar aðferðir atferlisgreiningar til að auka tjáskipta- og félagsfærni barna þeirra í dagsins önn. Að auki var tilgangur rannsóknarinnar að afla ítarlegra upplýsinga frá foreldrunum um gagnsemi þjálfunaraðferðanna og fjarráðgjafarinnar.

Umsjónarkennari og leiðbeinandi voru dr. Zuilma Gabriela Sigurðardóttir, prófessor við Sálfræðideild HÍ, og Shahla Alai-Rosales, dósent við Department of Behavior Analysis, University of North Texas. Auk þeirra sátu í doktorsnefnd Lise Roll-Pettersson, prófessor við Háskólann í Stokkhólmi, og Aksel Tjora, prófessor við NTNU-háskóla, Þrándheimi.

Andmælendur við vörnina voru dr. Jennifer McComas, prófessor við University of Minnesota, og dr. Stephen Gallagher, lektor og forstöðumaður við University of Ulster, Norður-Írlandi.





GÆÐAMÁL

Við Háskólann á Akureyri starfar gæðaráð en meginhlutverk þess er að bera ábyrgð á framkvæmd gæðakerfis háskólans og tryggja að hann standist ávallt kröfur sem gerðar eru um gæði í starfi hans. Gæðaráð starfar eftir Reglum um gæðaráð sem samþykktar voru í háskólaráði 9. mars 2011. Ráðið heldur fundi að jafnaði einu sinni í mánuði yfir vetrartímann og hélt alls sjö fundi árið 2018.

Í gæðaráði áttu sæti árið 2018 Sigrún Magnúsdóttir gæðastjóri, sem var í forsæti, Kristín Margrét Jóhannsdóttir, lektor á hug- og félagsvísindasviði, Stefán Gunnlaugsson, dósent á viðskipta- og raunvísindasviði, Bergljót Borg, aðjúnt á heilbrigðisvísindasviði, Auðbjörg Björnsdóttir, forstöðumaður Kennslumiðstöðvar HA, og Stefán Jóhannsson, forstöðumaður nemendaskrár fyrri hluta árs en Katrín Árnadóttir, forstöðumaður markaðs- og kynningar-mála, tók við af honum seinni hluta árs.

Ennfremur sátu í ráðinu fulltrúar starfsfólks, þær Sigríður Sía Jónsdóttir lektor, fulltrúi akademískra starfsmanna og Helena Sigurðardóttir kennsluráðgjafi, fulltrúi starfsmanna. Varamenn þeirra voru Sigrún Lóa Kristjánsdóttir verkefnastjóri og Margrét Elísabet Ólafsdóttir lektor. Fulltrúar nemenda í gæðaráði voru Orri Kristjánsson og Leifur Guðni Grétarsson. Varamaður nemenda var Sólveig Árnadóttir. Sigrún Vésteinsdóttir verkefnastjóri hjá RHA var ritari gæðaráðs.

Vinna ársins í gæðaráði einkenndist af áframhaldandi umbóta-starfi eftir síðustu stofnanaúttekt og sem fyrr markvissum undirbúningi undir gæðastarf samkvæmt rammaáætlun Quality Enhancement Handbook for Icelandic Higher Education, 2. útgáfu (QEF2). Allar deildir hug- og félagsvísindasviðs hófu sjálfsmat (Subject-level Review – SLR) á árinu skv. sjö ára áætlun háskólans um sjálfsmat starfseininga og stofnanamat háskólans.

Rammaáætlunin QEF2 hefur í för með sér nokkrar mikilvægar breytingar því til viðbótar mati á kennslu, námsumhverfi og prófgráðum nemenda, eins og var í QEF1, bætist nú við mat á umgjörð rannsókna sem hluta af sjálfsmati starfseininga (SLRs). Í því felst m.a. að skoða áhrif rannsókna í nærsamfélagi háskólanna, rannsóknastefnu þeirra, rannsóknaniðurstöður, og innri og ytri stuðning (styrki o.fl.).

Á árinu var tekin saman miðmísserisskýrsla (Mid-term Progress Report) skv. QEF2 þar sem gerð var grein fyrir stöðu umbóta í kjölfar sjálfsmats deilda og stofnanamats frá árinu 2014. Skýrslan var rædd á árlegum fundi stjórnenda háskólans með fulltrúa gæðaráðs háskólanna haustið 2018.

Lokið var við breytingar á reglum um námsmat við háskólann en einnig má nefna að miklar umræður innan gæðaráðs um námskeiðsmat leiddu til endurskoðunar á ferlum og utanumhaldi prófa, ekki síst á fjarstöðum. Þróun í átt að rafrænum prófum hélt áfram og lofar góðu fyrir alla nemendur háskólans og kennara.

Undirbúningur að gagngerum breytingum á námskeiðsmati háskólans stóð yfir seinni hluta ársins. Hann fólst m.a. í kynnisferð til Háskólans í Tromsø þar sem starfsmenn og fulltrúi nemenda kynntu sér samtalsmiðað námskeiðsmat og var þar horft til ráðlegginga frá úttektarnefnd síðasta stofnanamats um breyttar áherslur í aðferðum við að afla upplýsinga um upplifun nemenda af námsumhverfinu og námi.

Fundargerðir gæðaráðs eru birtar á innri vef háskólans, Uglu, á slóðinni

<https://ugla.unak.is/kerfi/view/page.php?sid=2052>



GÓÐVINIR HÁSKÓLANS Á AKUREYRI



Góðvinir eru samtök brautskráðra nemenda frá Háskólanum á Akureyri og annarra velunnara skólans. Markmið samtakanna er að auka tengsl háskólans við fyrrum nemendur sína og styðja við uppbyggingu skólans eftir fremsta megni, fjárhagslega og á annan hátt. Þetta gera Góðvinir meðal annars með því að heiðra nemendur við brautskráningu, innheimta félagsgjöld og styðja við háskólann með gjöfum.

Á árinu var haldið áfram að efla félagið og styrkja tengslin, sér í lagi við fyrrverandi nemendur eftir stofnun Alumni-deildarinnar (fyrrverandi nemendur háskólans).

Vinna við undirbúning stofnfjár sjóðs stendur yfir. Sá sjóður á sér fyrirmyndir í Bandaríkjunum sem nefnast endowment funds. Stefnt er að því að stofna sjóðinn með einni milljón króna framlagi frá Góðvinum um leið og lagaatriði eru frágengin. Með sjóði þessum fá velunnarar tækifæri til að styrkja háskólann með peningagjöfum. Stofnskrá sjóðsins mun tryggja að fjármunirnir komi skólanum vel. Stefnt er að því að sjóðurinn vaxi og dafni en einungis verður hægt að nota vextina til verkefna.

Þar sem áhersla var á að safna í grunnframlag Góðvina í stofnfjár sjóð veittu Góðvinir aðeins einn vverkefnastyrk. Það var styrkur til Vísindaskóla unga fólksins að upphæð kr. 150.000. Góðvinir hafa styrkt Vísindaskólann undanfarin ár. Engar aðrar umsóknir um styrki bárust Góðvinum að þessu sinni.

Við brautskráningu á háskólahátíð í júní heiðruðu Góðvinir að vanda kandiðata fyrir óeigingjarnt starf í þágu háskólans. Eftir tilnefningar frá fræðasviðum, frá markaðs- og kynningarsviði og frá Stúdentafélagi HA var ákveðið að eftirtaldir nemendur fengju viðurkenningu: Sólveig María Árnadóttir af hug- og félagsvísindasviði, Anna Karen Birgisdóttir af heilbrigðisvísindasviði og Almar Ögmundsson af viðskipta- og raunvísindasviði, öll að brautskrást úr grunnnámi.



Frá vinstri: Eyjólfur Guðmundsson rektor, Almar Ögmundsson, Anna Karen Birgisdóttir, Sólveig María Árnadóttir og Berglind Ósk Guðmundsdóttir.

Berglind Ósk Guðmundsdóttir, sem brautskráðist úr meistaranámi, hlaut einnig viðurkenningu.

Viðurkenningin er gullnæla sem Kristín Petra Guðmundsdóttir gullsmiður hannaði og smíðar sérstaklega fyrir Góðvini.

Aðalfundur fyrir árið 2017 var haldinn 22. nóvember. Hann var auglýstur eins og lög mæla fyrir um. Kjörin var ný stjórn fyrir Góðvini. Stjórnina skipa eftirtaldir:

Einar Brynjólfsson, formaður stjórnar

Berglind Ósk Guðmundsdóttir

Elva Gunnlaugsdóttir

Kristín Sigurðardóttir, gjaldkeri

Sólveig María Árnadóttir, fulltrúi Stúdentafélags Háskólans á Akureyri

Katrín Árnadóttir forstöðumaður, starfsmaður Góðvina.

Varastjórn:

Andrés Tryggvi Jakobsson, varafulltrúi SHA

Árni V. Friðriksson

Kristjana Hákonardóttir

Þorsteinn Gunnarsson

Eyrún Elva Marinósdóttir

Fundargerð aðalfundar: https://www.unak.is/static/files/Godvinir_pdf/Fundargerdir/2018-adalfundur.pdf

Vefsíða Góðvina er á slóðinni

<https://www.unak.is/is/samfelagid/godvinir>

HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

Hlutverk heilbrigðisvísindasviðs er þrjúþætt. Í fyrsta lagi að bjóða upp á grunnnám í hjúkrunarfræði og iðjuþjálfunarfræði, í öðru lagi að bjóða þverfræðilegt framhaldsnám í heilbrigðisvísindum sem og doktorsnám í hjúkrunarfræði, og í þriðja lagi að standa fyrir rannsóknum í þverfræðilegum heilbrigðisvísindum, meðal annars í samstarfi við Sjúkrahúsið á Akureyri í tengslum við Heilbrigðisvísindastofnun Háskólans á Akureyri – HHA.

Haldið var námskeið í fjölskylduhjúkrun í samvinnu við Símenntun HA og SAK.

Verkefnahópur á SAK hefur innleitt fjölskylduhjúkrun út frá hugmyndafræði Calgary mats- og meðferðarlíkansins, í samvinnu við heilbrigðisvísindasvið. Markmiðið er að efla samvinnu við sjúklinga og fjölskyldur þeirra.

Á heilbrigðisvísindasviði er boðið upp á sveigjanlegt nám í iðjuþjálfunarfræði og í hjúkrunarfræði. Ekki er hægt að mennta sig í iðjuþjálfunarfræði við aðra íslenska háskóla. Hjúkrunarfræði með sveigjanlegu námsformi er einungis boðið við HA hér á landi.

Heilbrigðisvísindasvið er í ágætu samstarfi við háskóla á hinum Norðurlöndunum, í Bandaríkjunum, Kanada og víðar. Þá eru erlendir sérfræðingar gjarnan ráðnir til kennslu og rannsókna, m.a. í tengslum við Fulbright-samstarf.

Heilbrigðisvísindasvið skiptist í þrjár deildir: Hjúkrunarfræðideild, iðjuþjálfunarfræðideild og framhaldsnámsdeild. Innan heilbrigðisvísindasviðs er einnig Heilbrigðisvísindastofnun Háskólans á Akureyri – HHA, sem starfar í tengslum við Sjúkrahúsið á Akureyri. Ennfremur Rannsóknarmiðstöð gegn ofbeldi þar sem er þverfræðileg starfsemi.

Aðsókn að námi í hjúkrunarfræði er mjög góð. Um það gilda fjöldatakmörkanir, því 55 nemendur komast áfram á öðru misseri fyrsta námsárs. Það er sá fjöldi námsplássanna sem deildin getur boðið upp á.

Alls sóttu 313 um að hefja nám í hjúkrunarfræði haustið 2018. Af þeim fengu 174 inngöngu en 160 þreyttu samkeppnispróf í des-

ember. Athygli vekur að þeir 55 nemendur sem fengu námspláss á öðru misseri stóðust prófið í öllum fögum sem þar lágu til grundvallar. Það gerðu fjórir til viðbótar sem ekki gátu haldið áfram vegna fjöldatakmörkana.

Frá hausti 2018 hefur staðið yfir undirbúningsvinna í samvinnu við Hjúkrunarfræðideild HÍ og mennta- og menningarmálaráðuneytið til að fjölga námsplássum við hjúkrunarfræði við HA. Ekki verður fjölgað nema til þess komi aukin fjárveiting, enda er deildin á algerum þolmörkum hvað varðar álag á kennara og starfsfólk með núverandi mönnun.

Ný námskrá í hjúkrunarfræði var samþykkt í febrúar 2016. Skólaárið 2019 – 2020 verður ný námskrá fyrir öll fjögur árin til BA-prófs í hjúkrunarfræði komin í gildi.

Alls hófu 27 nemendur nám í iðjuþjálfunarfræði haustið 2018 og tíu til viðbótar á vormisseri 2019. Brottfall nemenda úr iðjuþjálfunarfræði minnkar hratt og nemendafjöldi eykst.

Ný námskrá fyrir iðjuþjálfunarfræði var samþykkt í febrúar 2017. Skólaárið 2019 – 2020 verður ný námskrá komin í gildi fyrir öll þrjú árin til BS-prófs í iðjuþjálfunarfræði. Flestir nemendur sem brautskrást með BS-gráðu bæta við sig diplómaprófi sem veitir starfsréttindi sem iðjuþjálfari.

Nemendur við framhaldsnámsdeild voru samtals 138 haustið 2018, þar af 94 skráðir í meistaranám, sem eru ellefu nemendum fleira en árið áður, og 44 nemendur í diplómanámi í heilbrigðisvísindum.

Gerð var viðhorfskönnun um upplifun nemenda af námi og kennslu í HA í þremur hópum, meðal nemenda í grunnnámi, meðal nemenda í meistaranámi, og meðal útskrifaðra nemenda frá háskólanum. Almennt lýstu fjarnemar meiri ánægju en staðnemar og einnig eru konur ánægðari neð nám og kennslu en karlar. Orðspor hefur ekki afgerandi áhrif á val nemenda á háskóla samkvæmt könnuninni, nema þegar um er að ræða hjúkrunarfræði, sem hefur mjög gott orðspor.

Stutt samantekt af nokkrum niðurstöðum lýsir vaxandi ánægju nemenda með heilbrigðisvísindasvið, samanborið við sambærilega könnun frá 2016. Ánægja meðal nemenda í meistaranámi og brautskráðra frá heilbrigðisvísindasviði hefur aukist og ánægja með grunnnámið stendur nokkuð í stað.



Í úrtaki nemenda í grunnnámi við sviðið voru 52% mjög ánægð með námið og 42% frekar ánægð árið 2018. Árið 2016 voru tölurnar 55% og 35%.

Í úrtaki meistaranema á heilbrigðisvísindasviði voru helstu niðurstöður þær að 43% voru mjög ánægð með námið og 54% frekar ánægð. Í könnuninni 2016 voru 35% mjög ánægð með námið og 52% fekar ánægð.

Í úrtaki meistaranema á sviðinu voru 43% mjög ánægð með námið og 54% frekar ánægð.

Árið 2016 voru tölurnar 35% og 52%.

Tólf nemendur á bakkalár- og meistarastigi í hjúkrunarfræði fóru í klínískt nám erlendis. Það voru átta þriðja árs nemar og fjórir á lokaári. Þeir voru við eftirtaldir stofnanir:

ABSALON professionshøgskolen í Danmörku, Ersta Sköndal Bräcke høgskola í Svíþjóð, Universitetet i Agder, Noregi, Karlstads Universitet í Svíþjóð, Malmö Universitet í Svíþjóð og University College Lillebælt í Danmörku.

Einn hjúkrunarfræðinemi á meistarastigi fór í skiptinám í sára-hjúkrun til University of South-Eastern Norway.

Tveir nemar á fjórða ári í iðjuþjálfunarfræði fóru í vettvangsnám til Danmerkur, annar til ABSALON professionshøgskolen og hinn til University College Nordjylland. Tveir nemendur á öðru námsári fóru á örnámskeið til Norges teknisk-naturvitenskapelige universitet.

Fastir starfsmenn heilbrigðisvísindasviðs voru 34 í 25,45 stöðugildum, þar af voru fjórir ráðnir við HHA. Auk fastra starfsmanna komu fleiri tugir stundakennara að kennslu á fræðasviðinu.

Stjórnskipulagi heilbrigðisvísindasviðs er lýst í reglum nr. 812/2013.

HJÚKRUNARFRÆÐIDEILD

Markmið náms í hjúkrunarfræði er að búa nemendur undir að gegna almennum hjúkrunarstörfum sem og stjórnunar- og fræðslustörfum á flestum sviðum heilbrigðisþjónustu. Nám í hjúkrunarfræði tekur mið af þörfum íslenska heilbrigðiskerfisins jafnframt því að mæta alþjóðlegum staðli. Nám til BS-gráðu er

fjögurra ára nám, 240 ECTS einingar. Það skiptist í raunvísindi, hug- og félagsvísindagreinir og hjúkrunarfræðigreinar. Klínískt nám hefst strax á fyrsta námsári. Nemendur í hjúkrunarfræði geta stundað nám sitt hvar sem er, en skyldumæting er í lotur í 1 – 2 vikur á misseri. Einnig stunda nemendur umfangsmikið klínískt nám undir handleiðslu hjúkrunarfræðinga víða um land yfir námstímann.

IÐJUÞJÁLFUNARFRÆÐIDEILD

Nám í iðjuþjálfunarfræði byggir á heilbrigðis- og félagsvísindum og snýst um iðju, heilsu og lífsgæði fólks. Nemendur tileinka sér þekkingu, viðhorf og leikni sem endurspeglar nýjustu þekkingu og þróun iðjuþjálfunarfræði á hverjum tíma. Skoðað er hvernig umhverfi í víðum skilningi og einstaklingsþættir hafa áhrif á færni og þátttöku fólks í samfélaginu og fjallað um ólíkar leiðir til úrlausna. Lögð er áhersla á að nemendur séu virkir þátttakendur í faglegri þróun og samstarfi, bæði hér á landi og á alþjóðlegum vettvangi. Nám í iðjuþjálfunarfræði er 180 ECTS einingar, tekur þrjú ár og lýkur með BS-gráðu. BS-próf í iðjuþjálfunarfræði opnar möguleika til ýmissa starfa í velferðarþjónustu auk þess að veita aðgang að frekara námi á meistarastigi, diplómanámi í iðjuþjálfun við HA, lýðheilsufræði, fötlnunarfræði eða stjórnun.

Diplómanám í iðjuþjálfun er eins árs 60 ECTS eininga nám á meistarastigi. Námið er framhald af BS-námi í iðjuþjálfunarfræði og ætlað þeim sem stefna á að starfa sem iðjuþjálfar. Áhersla er lögð á hlutverk iðjuþjálfara og fagmennsku. Nemendur tileinka sér mats- og íhlutunaraðferðir og æfa sig í þjónustu við ólíka hópa við mismunandi aðstæður. Vettvangsnám er samtals 20 vikur þar sem nemendur vinna undir leiðsögn iðjuþjálfara og í samstarfi við annað fagfólk og notendur. Diplómapróf í iðjuþjálfun veitir starfsréttindi sem iðjuþjálfari sem veitt er af embætti landlæknis.

FRAMHALDSNÁM Í HEILBRIGÐISVÍSINDUM

Leiðarljós í skipulagi framhaldsnáms í heilbrigðisvísindum er þverfagleg áhersla á heilsu, virkni og vellíðan. Markmið námsins er að þeir sem útskrifast úr náminu verði gagnrýnir greinendur, ígrundandi fagmenn og breytingarliðar, ásamt því að verða víðsýnir og skapandi leiðtogar. Þetta eru þeir námskráfræðir sem



áhersla er lögð á og eru sem rauður þráður í uppbyggingu og innihaldi námskeiða. Þá er í öllum námskeiðum lögð áhersla á mikilvægi vísindarannsókna. Nemendur velja sér rannsóknarefni á ákveðnu kjörsviði með aðstoð umsjónarkennara viðkomandi kjörsviðs og formanns framhaldsnámsdeildar. Reynt er að mæta þörfum nemenda með tilliti til áherslusviðs þeirra og leiðbeinanda. Lögð er áhersla á að nemendur komi að eða tengist rannsóknnum kennara heilbrigðisvísindasviðs og virkni í rannsóknarhópum.

Við framhaldsnámsdeild er 120 eininga meistaranám í heilbrigðisvísindum til MS-gráðu. Það er byggt upp af 30 – 60 einingum í námskeiðum og meistarařitgerð sem er 30 – 60 einingar. Þrjú námskeið, samtals 30 einingar, eru skyldunámskeið, en hinar 30 einingarnar eru valnámskeið. Þar af skal nemandi að öllu jöfnu taka tvö námskeið innan heilbrigðisvísindasviðs. Í meistaranáminu er lögð áhersla á að nemar velji sér námskeið og sérhæfingu sem undirbyggja að mestum hluta meistaraVerk-efni þeirra.

Einnig er hægt að ljúka 40 eininga diplómagráðu í heilbrigðisvísindum.

Kjörsvið í meistaranámi og diplómanámi voru:

Almennt svið

fötun og endurhæfing

geðheilbrigðisfræði

heilsugæsla í héraði – fræðileg

heilsugæsla í héraði – klínísk

krabbamein og líknarmeðferð

langvinn veikindi og lífsglíman

ljósmæður – heilbrigði kvenna

sálræn áföll og ofbeldi

sár og sárameðferð í samstarfi við Universitetet i Sørøst-Norge, Noregi

starfsendurhæfing í samvinnu við HÍ

stjórnun í heilbrigðisþjónustu

öldrun og heilbrigði

verkir og verkjameðferð.

RANNSÓKNIR OG ÞRÓUNARSTÖRF

Rannsóknarstarfsemi er öflug á heilbrigðisvísindasviði og kennarar sviðsins eru þar í samstarfi við erlenda og íslenska fræðimenn. Rannsóknarstefna sviðsins var í endurskoðun á árinu 2017 og unnið er að þróun rannsóknarhópa í samræmi við hana. Allt síðan síðan á árinu 2000 hafa rannsóknaráherslur á heilbrigðisvísindasviði verið þverfaglegar.

Að venju voru tveir starfsþróunardagar við sviðið, í febrúar og október. Í febrúar var haldið áfram með vinnu frá árinu áður, þ.e. umræðu um og kortlagningu á rannsóknarhópum við sviðið. Þeirri vinnu var engan veginn lokið en dagurinn var gott upphaf á þróun rannsóknarhópa og mótun á viðhorfi til þeirra. Í október áherslan á framgang kennara í starfi og jafnréttismál.

Heilbrigðisvísindastofnun HA – HHA er sameiginlegur vettvangur starfsmanna Sjúkrahússins á Akureyri – SAK og háskólans til eflingar kennslu, þjálfunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum, til miðlunar þekkingar og til kynningar á rannsóknnum starfsmanna.

Á árinu voru fjórir akademískir starfsmenn í hlutastörfum ráðnir til HHA, tveir prófessorar, tveir dósentar og einn lektor.

Samkvæmt samningi um Heilbrigðisvísindastofnun geta starfsmenn SAK sem uppfylla ákveðin skilyrði sótt um að fá metið akademískt hæfi sitt. Dómnafnd HA metur hæfi þeirra sem sækja um. Tveir starfsmenn SAK fengu akademískar nafnbætur 2018.

Megináhersla var lögð á að gera rannsóknir starfsmanna sýnilegar og aðgengilegar. Til dæmis voru fræðsluerindi læknaáðs á SAK auglýst innanhúss í HA og þau móttokin í útsendingu í fundaherbergi í HA fyrir þá sem vildu nýta sér það. Einnig var áhersla á að efla rannsóknarvirkni starfsmanna SAK og tengja verkefni nemenda HA við þarfir sjúkrahússins. Í september var haldinn vísindadagur í samstarfi HA og SAK þar sem starfsmenn kynntu rannsóknir sínar.

Haldið var námskeið í fjölskylduhjúkrun í samvinnu við Símenntun HA og SAK.

Verkefnahópur á SAK hefur innleitt fjölskylduhjúkrun út frá hugmyndafræði Calgary mats- og meðferðarlíkansins, í samvinnu við heilbrigðisvísindasvið. Markmiðið er að efla samvinnu við sjúklinga og fjölskyldur þeirra. Rannsóknir hafa sýnt að fjöl-

skylduhjúkrun hefur áhrif á gæði hjúkrunar og leiðir til styttri dvalar á sjúkrahúsi.

Annar tveggja höfunda Calgary-líkansins, Dr. Lorraine M. Wright, og ritstjóri Journal of Family Nursing, Dr. Janice M. Bell, heim-sóttu Háskólann á Akureyri og héldu námskeið um hugmynda-fræði Calgary fjölskyldumats- og meðferðarlíkansins fyrir heilbrigðisstarfsfólk. Þátttakendur komu frá SAK, Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Heilbrigðisstofnun Austurlands, Landspítala og fleiri heilbrigðisstofnunum, hér á landi og erlendis.

Rannsóknargreinar birtar í ritrýndum tímaritum og bókum

| Rannsóknarsvið | Tímaritsgreinar | Bækur/bókarkafar | Samtals |
|------------------------|-----------------|------------------|---------|
| Heilbrigðisvísindasvið | | 1 | 1 |
| Heilbrigðisvísindasvið | | 2 | 2 |
| Heilbrigðisvísindasvið | | 1 | 1 |
| Heilbrigðisvísindasvið | 14 | | 14 |
| Heilbrigðisvísindasvið | 7 | | 7 |
| Heilbrigðisvísindasvið | 7 | | 7 |

Fyrirlestrar á málþingum og ráðstefnum, veggspjöld:

| | |
|--|----|
| Erindi á alþjóðlegum ráðstefnum | 18 |
| Erindi á innlendum ráðstefnum | 70 |
| Erindi á fræðilegu málþingi, málstofu eða fundi fyrir faghópa | 30 |
| Veggspjald á alþjóðlegri ráðstefnu | 11 |
| Opinber boðsfyrirlestur við erlendan háskóla | 1 |
| Plenarfyrirlestur eða inngangsfyrirlestur á alþjóðlegri vísindaráðstefnu | 1 |

Ráðstefnur á vegum heilbrigðisvísindasviðs

| Rannsóknaráhersla/rannsóknarsvið | Heiti ráðstefnu | Í hvaða mánuði |
|---|---|----------------|
| Heilaskaði/endurhæfing | Endurhæfing eftir ákominn heilaskaða í samstarfi við SAK og Reykjalund | September |
| Fjölskylduhjúkrun | Námskeið um fjölskylduhjúkrun | Október |
| Rannsóknarráðstefna heilbrigðisvísindasviðs | Sjónaukinn. Meistaranevendur sem lokið höfðu ritgerð sinni og fræðimenn sviðsins kynntu vísindastarf sitt | Máí |
| Heilbrigði/samfélagsleg ábyrgð | Rokkhátíð samtalsins haldin í Hofi | September |
| Heilbrigði/lífsgæði | Hvernig metum við hið óendanlega? Guðbrandsstofnun | Apríl |



Háskólinn
á Akureyri

HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Hlutverk hug- og félagsvísindasviðs er að bjóða upp á háskólanám og standa fyrir rannsóknum í hug- og félagsvísindum, þar með talið félagsvísindum, lögfræði og menntavísindum.

Á hug- og félagsvísindasviði er að finna námsframboð sem ekki er við aðra háskóla hérlandis. Það er BA-nám í almennum félagsvísindum, fjölmiðlafræði og nútímafræði. Þá býður Háskólinn á Akureyri einn íslenskra háskóla upp á nám á íþróttakjörsviði sem hluta af almennu kennaranámi til leikskóla- og grunnskóla-kennararéttinda og einnig nám í heimskautarétti á framhalds-

Hug- og félagsvísindasvið tók sem fyrr á móti stórum hluta þeirra erlendu skiptinema sem stunduðu nám við HA. Fjöldmörg námskeið innan félagsvísinda- og lagadeildar voru kennd á ensku, þar á meðal námsbraut í heimskautarétti. Auk þess voru sérnámskeið fyrir erlenda skiptinema vistuð á sviðinu.

Nemendur frá báðum deildum sviðsins fóru í skiptinám við erlenda háskóla og til Háskóla Íslands í gegnum Erasmus+ en einnig Nordplus (kennara- og nemendaskiptaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar), North2North (kennara- og nemendaskiptaáætlun University of the Arctic) og tvíhliða samstarfssamninga utan Evrópu.

Fastir starfsmenn hug- og félagsvísindasviðs voru 60 talsins þann 1. desember 2018. Auk þeirra kom að starfi sviðsins fjöldi stundakennara, að viðbættum kennurum á öllum skólastigum víðs vegar um land sem tóku að sér að veita nemendum leiðsögn í vettvangsnámi og æfingakennslu.

Stjórnskipulagi hug- og félagsvísindasviðs er lýst í reglum nr. 416/2012.

Stefnt er að því að í hverjum skóla verði kennari sem lokið hefur 30 einingum í faglegri, starfstengdri leiðsögn á vettvangi sem skilar sér í auknum faglegum stuðningi bæði við nýja kennara og við kennaranema.

stigi. Loks ber að nefna 120 ECTS-eininga diplómanám fyrir verðandi og starfandi lögglumenn og BA-nám í lögglu- og löggæslufræði, sem hófst haustið haustið 2016 og er eingöngu boðið upp á við HA.

Frá og með hausti 2018 er boðið rannsóknartengt doktorsnám við sviðið og fyrstu tveir doktorsnemarnir voru samþykktir inn í námið þá. Þeir eru báðir doktorsnemar í félagsfræði.

Hug- og félagsvísindasvið skiptist í félagsvísinda- og lagadeild og kennaradeild árið 2018.

Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri – MSHA er starfrækt innan hug- og félagsvísindasviðs í gagnvirkum tengslum við kennaradeild.

Vorið 2018 ákvað háskólaráð að setja á fót breytingateymi sem hefði það hlutverk að vinna að þáttum er sneru að skipulagi og stefnumótun sviðsins. Forstöðumaður umbóta og þróunar var ráðinn til eins árs til að vera í forsvari fyrir breytingateymið en aðrir í teyminu voru sviðsforseti og ytri ráðgjafi. Ein af niðurstöðunum af vinnu teymisins var að fjölga deildum á sviðinu og samþykkti háskólaráð það í lok árs. Ákveðið var að stofna sálfræðideild og ennfremur að félagsvísinda- og lagadeild skyldi skiptast í tvær deildir, félagsvísindadeild og lagadeild. Starfað var samkvæmt því skipulagi frá upphafi árs 2019.

FÉLAGSVÍSINDA- OG LAGAEILD

Við félagsvísinda- og lagadeild var boðið upp á sex námsleiðir til BA-gráðu, þ.e. í félagsvísindum, fjölmiðlafræði, lögglu- og löggæslufræði, lögfræði, nútímafræði og sálfræði.

Á grunnstigi var einnig boðið 120 ECTS-eininga diplómanám í lögglufræði og voru tvær leiðir:

Starfstengt nám fyrir þá sem hyggjast starfa innan lögglunnar og nám fyrir starfandi lögglumenn.

Að loknu diplómanáminu geta nemendur bætt við 60 eininga námi til BA-gráðu.

Í framhaldsnámi var boðið 120 ECTS-eininga rannsóknartengt nám til MA-gráðu í félagsvísindum og í fjölmiðla- og boðskiptafræði.

Einnig 120 eininga nám til ML-gráðu í lögfræði. ML-gráða í lögfræði í framhaldi af BA-prófi í lögfræði jafngildir hefðbundnu fimm ára námi til embættisprófs í lögfræði.

Boðið var 120 eininga nám til MA-gráðu í heimskautarétti. Ennfremur 90 eininga nám til LLM-gráðu í heimskautarétti sem og 60 eininga diplómanám í heimskautarétti. Þá var boðið 30 eininga diplómanám í fjölmiðla- og boðskiptafræði ofan á grunnnám.



FJÖLMIÐLAFRÆÐI

Fjölmiðlafræði skoðar gangvirki fjölmiðlanna og stöðu þeirra og áhrif í samfélaginu. Námið tekur mið af þróun sem orðið hefur á þessu sviði í helstu háskólum á Vesturlöndum. Leitast er við samþætta faglega þekkingu sem kennd er í svonefndum blaðamannaskólum og fræðilega þekkingu og aðferðafræði sem kennd er í hefðbundnu háskólanámi. Slík samtvinnum er eftirsóknarverð í námi af þessu tagi og til þess ætluð að gera nemendur hæfari til að takast á við samfélagsbreytingar sem fylgja upplýsingatæknibyltingunni og síhækkandi almennu menntunarstigi. Nemendur tóku þátt í gerð ýmiss konar fjölmiðlaefnis í prent- og ljósvakamiðlum. Áberandi er hve margir útskriftarnemar hafa fengið störf á fjölmiðlum eða sinna fjölmiðlatengdum störfum.

NÚTÍMAFRÆÐI

Nútímafræði er þverfaglegt nám á sviði félags- og hugvísinda. Það er blanda af heimspeki, siðfræði, sagnfræði, íslensku og samfélagsgreinum. Mörg valnámskeið voru í boði og góðir möguleikar á skiptinámi, bæði á Íslandi og erlendis. Námið er heppilegur kostur fyrir þá sem vilja afla sér viðtækrar menntunar og öðlast traustan grunn fyrir framhaldsnám í ýmsum greinum hug- og félagsvísinda. Nemendur ljúka 120 ECTS-einingum í kjarnanámskeiðum. Auk þess er valið á milli fjögurra áherslusviða: Nútímafræði, sagnfræði, heimspeki og íslensku.

SÁLFRÆÐI

Sálfræði leitast við að skilja og útskýra mannlega hegðun, hugsun og tilfinningar. Sálfræðinám við Háskólann á Akureyri er fjölbreytt og veitir grunnþekkingu á sálfræði sem fræðigreini. Í náminu er meðal annars lögð áhersla á að veita almenna þekkingu á mismunandi sviðum fræðigreinarinnar, bæði hvað varðar kenningar og rannsóknaraðferðir. BA-próf í sálfræði veitir því ekki sérhæfingu á ákveðnu sviði innan sálfræðinnar, heldur fá nemendur gott tækifæri til að kynna sér hin margvíslegu svið hennar. Það auðveldar val á áhugasviði sem nemendur geta síðan lagt stund á í framhaldsnámi. Nemendur frá HA sem vilja öðlast starfsréttindi sem sálfræðingar hafa einkum sótt sér framhaldsmenntun hér á landi og á hinum Norðurlöndunum.

ALMENN FÉLAGSVÍSINDI

BA-námið byggir á kenningalegum og aðferðafræðilegum grunni félagsvísinda. Það byggir einkum á félagsfræði, mannfræði og

stjórn málafræði. Nemendur öðlast innsýn í eðli mannlægs samfélags og hreyfilögmál félagsgerðar, menningar, stjórn mála og efnahagslífs. Námið veitir umtalsverða þjálfun í aðferðafræði félagsvísinda, skipulagningu rannsóknarverkefna og framsetningu á niðurstöðum fyrir almenning og fræðimenn. Það er sambærilegt við BA-nám í einstökum undirgreinum félagsvísinda við aðra innlenda og erlenda háskóla. Að námi loknu hafa nemendur traustan grunn til framhaldsnáms og margvíslegra starfa á innlendum og alþjóðlegum vettvangi. BA-nám í félagsvísindum var hægt að stunda með eftirtöldum áherslugreinum:

- Almenn félagsvísindi með valnámskeiðum að eigin vali.
- Afbrotufræði, áhersla á eðli og skilgreiningu afbrota og annarra frávika; félagslegar, efnahagslegar, menningarlegar og sálfræðilegar orsakir þeirra og afleiðingar fyrir einstaklinga og samfélög.
- Byggðufræði, áhersla á byggðapróun á Íslandi, fólksflutninga innanlands og utan, áhrif samgöngubóta á afskekkt samfélög, nýsköpun og atvinnuuppbyggingu í landsbyggðunum, stjórn mála, stjórnsýslu og stefnumótun í byggðamálum.
- Kynjafræði, áhersla á kynjun og kyngervi, stöðu kynjanna í dreifbýli og þéttbýli, breytingar á jafnréttisviðhorfum og verkaskiptingu á heimilum, fjölskyldugerðir og líðan barna, kynhegðun unglunga og stöðu samkynhneigðra í samfélaginu.
- Norðurslóðufræði, áhersla á félagslega, hagræna, menningarlega og pólitíska þætti þróunar á norðurslóðum, í samhengi við hnattvæðingu, umhverfisbreytingar, auðlindanýtingu, atvinnu- og byggðamál, mannauð og sjálfbærni.

LÖGFRÆÐI

Meginmarkmið BA-náms í lögfræði er að nemendur öðlist þekkingu í undirstöðuatriðum lögfræðinnar með áherslu á lagaframkvæmd á Íslandi, annars staðar í Evrópu og í alþjóðlegu samhengi. Nemendur takast á við grunngreinar íslenskrar lögfræði og kynnast lögum og rétti í sögulegu, félagslegu og heimspeki- legu samhengi og nýta ennfremur aðferðir samburðarlögfræði þar sem það á við. Í meistaranáminu er lögð áhersla á íslenska lögfræði. Nám í lögfræði til BA-prófs við HA er um margt með öðru snið en tíðkast við aðra íslenska háskóla. Sérstaðan felst meðal annars í alþjóðlegri nálgun.

Hægt er að innritast í nám í heimskaualögfræði annað hvert ár. Í heimskaularétti er lögð áhersla á umhverfisvernd og fjölbreytni lífríkisins, mannréttindi, hafrétt, reglur um sjálfbæra þróun og

auðlindir, réttindi frumbyggja í norðri, sjálfsstjórn, stjórnfestu svo og landa- og auðlindakröfur á heimskautasvæðunum. Námið fer alfarið fram á ensku. Það er kennt innan ramma samstarfs-samnings um West Nordic Studies, <http://westnordicstudies.net/>. Nemendur hafa val um að taka eitt misseri í skiptinámi við einhvern samstarfsskólanna: Háskólinn í Færeyjum, Háskólinn á Grænlandi, Nordland-háskólinn í Noregi og Háskóla Íslands.

LÖGREGLUFRÆÐI

Lögreglufræði fjallar um viðfangsefni löggæslu í víðu samhengi. Námið miðar að því að veita nemendum haldgóða undirstöðu-færni í því að fyrirbyggja og upplýsa um brot á lögum og að tryggja almannaoöryggi. Það er fjölbreytt og veitir grunnþekkingu á lögreglufræði sem fræðigrein, en er jafnframt tengt starfi lögreglu á grundvelli laga, reglna, þjálfunar og alls verklags sem er mikilvægt í starfi lögreglunnar.

BA-nám í lögreglu- og löggæslufræði leggur grunn að ólíkum leiðum í námi og starfi. Það er góður kostur fyrir nemendur sem vilja afla sér víðtækrar menntunar á sviði lögreglu- og löggæslufræði.

Diplómanám í lögreglufræði er skipulagt til tveggja ára. Diplómanám fyrir verðandi lögreglumenn undirbýr nemendur fyrir störf í þéttbýli á fámennum og víðfeðmum svæðum þar sem lögreglumaður þarf að geta gengið í nánast öll störf. Hluti af náminu er starfsnám sem veitir starfsréttindi til að hljóta skipun hjá lögregluembættum landsins.

Diplómanám fyrir starfandi lögreglumenn er ætlað þeim sem vilja kynnast fræðigreininni betur og dýpka þekkingu sína á löggæslu og rannsóknum afbrota, eða vilja prófa nýja nálgun á fagið. Þessi námslína felur ekki í sér starfsþjálfun.

Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu – MSL annast starfsnám nemenda í lögreglufræði í samstarfi við Háskólinn á Akureyri. Nemendur sem sækja um starfsnám í lögreglufræði þurfa að fullnægja almennum skilyrðum sem kveðið er á um í 38. gr. lögreglulaga nr. 90/1996, standast fræðileg námskeið, þrekpróf, læknisskoðun og fleira. Meginmarkmið námsins er að mennta nemendur sem stefna á störf í lögreglu.

Félagsvísinda- og lagadeild var fjölmennasta deild háskólans hvað nemendur varðar. Í náminu var áhersla á verkefnavinnu nemenda og námið fól í sér fjölbjóðlegar tengingar. Ráðstefnur og opnir fyrirlestrar um félagsvísindaleg og hugvísindaleg efni voru fastir liðir á svokölluðum torgum. Kennarar félagsvísinda- og

lagadeildar tóku virkan þátt í slíkum viðburðum og sem fyrirlesarar á öðrum viðburðum við HA og annars staðar.

Í lok haustmíssis 2018 fóru í fyrsta skipti fram samkeppnispróf í sálfræði við HA. Þeir 85 fyrsta árs nemendur sem náðu hæstri meðaleinkunn í þremur námskeiðum misserisins áunnu sér rétt til að stunda áfram sálfræðinámið til BA-gráðu.

Skólaárið 2017 – 2018 var lögreglufræði kennd í annað sinn við háskólann og var mikil aðsókn í námið.

KENNADEILD

Kennaradeild skiptist í kennarabrot og menntavísindabrot.

Á kennarabrot var boðið heildstætt fimm ára kennaranám sem skiptist í þriggja ára 180 ECTS-eininga kennaranám til BEd-gráðu og tveggja ára 120 eininga nám í menntunarfræðum til MEEd-gráðu.

Í BEd-náminu er hægt að velja um þrjú kjörsvið: Leikskólakjörsvið – grunnskólakjörsvið – íþróttakjörsvið. Í MEEd-náminu sérhæfa nemendur sig til kennslu á leikskólástigi, grunnskólástigi eða framhaldsskólástigi. MEEd-námið er einnig opið þeim sem lokið hafa BA-eða BS-gráðu á öðrum námssviðum. Að því loknu geta nemendur sótt um leyfisbréf til kennslu á því skólástigi sem þeir hafa sérhæft sig til. Haustið 2018 hófst lokanámsár fyrsta náms- hópsins sem stundar fimm ára kennaranám samkvæmt nýju námsskipulagi til BEd-gráðu.

Á grunnstigi var boðið upp á tveggja ára 120 eininga diplómanám í leikskólafræði.

Á framhaldsstigi var boðið 60 eininga diplómanám í menntunarfræði ætlað þeim sem lokið hafa meistaraþrófi í kennslugrein í framhaldsskóla og vilja afla sér kennsluréttinda á framhaldsskólástigi.

Á menntavísindabrot fer fram nám sem ætlað er kennurum og öðrum þeim sem vilja efla starfshæfni sína og sérþekkingu á sviði menntavísinda. Námið er sniðið fyrir þá sem þegar hafa öðlast leyfisbréf til kennslu og vilja dýpka þekkingu sína og efla sig sem kennara, eða stunda rannsóknir og fræði á þekkingarsviðinu. Tvær mislangar námsleiðir eru innan brautarinnar. Annars vegar er 120 ECTS-eininga rannsóknartengt meistaranám til MA-gráðu fyrir þá sem vilja sérhæfa sig á tilteknu sviði til ýmissa starfa í menntakerfinu og/eða stunda rannsóknir og fræðistörf.



Hins vegar er 60 eininga viðbótarnám (DiplEd). Það er ætlað þeim sem vilja sérhæfa sig á tilteknu áherslusviði og auka hæfni sína til starfa. Á árinu 2018 var boðið upp á eftirtalin áherslusvið:

- Almennt svið
- Nám og læsi – lestrarfræði
- Nám og margbreytileiki – sérkennslufræði
- Stjórnun og forysta í lærdómssamfélagi
- Upplýsingatækni í námi og kennslu

Aðsókn að námi á bakkalárstigi í kennaradeild haustið 2017 dróst örlítið saman frá árinu áður en jókst aftur á móti töluvert í meistaranámi í menntunarfræði. Alls hóf 51 nemandi nám á bakkalárstigi og 87 nýnemar voru skráðir í MEd-nám. Auk þess hófu 13 nemendur nám til diplómagráðu í menntunarfræðum. Á menntavísindabraut hófu 38 nemendur nám haustið 2018, 17 í námi til MA-gráðu og 21 í námi til viðbótardiplómu.

Í desember luku níu kennarar nýju 30 ECTS-eininga námi með áherslu á starfstengda leiðsögn með kennaranemum á vettvangi, og með nýjum kennurum í starfi. Námið fór fram á menntavísindabraut. Það miðar að því að efla samstarf kennaradeildar við leik- og grunnskóla á Eyjafjarðarsvæðinu. Skólum var boðið að senda kennara í námið og var það þeim að kostnaðarlausu. Stefnt er að því að í hverjum skóla verði kennari sem lokið hefur 30 einingum í faglegri, starfstengdri leiðsögn á vettvangi sem skilar sér í auknum faglegum stuðningi bæði við nýja kennara og við kennaranema.

Með þessu samstarfi er kominn mjög góður grundvöllur fyrir samtal og samvinnu háskólans sem menntar kennara og skólanna sem eru starfsvettvangur þeirra.

Kennaradeild og Kennarasamband Íslands gerðu með sér samning um samstarfsnefnd aðila árið 2015. Einnig hafa kennaradeild og Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri formlegt samstarf við Samband íslenskra sveitarfélaga frá sama ári. Þessum samningum var báðum fylgt eftir á árinu 2018. Meðal þess sem helst var til umfjöllunar var yfirvofandi kennaraskortur í leik- og grunnskólum og hvað unnt er að gera til þess að auka nýliðun í kennarastétt. Kennaradeild, auk Menntavísindasviðs HÍ og Sambands íslenskra sveitarfélaga, á jafnframt fulltrúa í nefnd sem ætlað er að ræða það málefni sérstaklega og leggja fram tillögur til úrbóta.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar 2017: Kostnaður og skilvirkni kennaramenntunar. Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri kom fram að vísbendingar væru um yfirvofandi kennaraskort í

landinu. Gripið var til margvíslegra aðgerða í kennaradeild til að stemma stigu við þessari þróun. Má þar nefna fjölgun námskosta verðandi kennara, áherslu á góðar námsaðstæður staðarnema og þróun leiða til að koma sem best til móts við þarfir fjarnema. Einnig má nefna skipulagða handleiðslu fyrsta árs nema sem verið hefur um nokkurra ára skeið. Tilgangur handleiðslu er að hlúa betur að nýnemum til að draga eins og kostur er úr brotthvarfi. Athyglinni hefur sérstaklega verið beint að fjarnemum. Fjarnemum sem nýta sér handleiðslu fer fjölgandi og margir hverjir nýta sér þennan stuðning áfram í náminu, sem segir sitt um gagnsemi verkefnisins.



Kennaradeild tók þátt í alþjóðlegu samstarfi af ýmsum toga. Má þar nefna sem dæmi kennaraheimsóknir í tengslum við Erasmus-samninga HA og áframhaldandi þátttöku deildarinnar í samnorrænu Baltic Nordplus-verkefni kennaramenntunarstofnana, Network for Teacher Education. Það felur meðal annars í sér sameiginlegt námskeiðahald þátttökuskólanna en þeir eru, auk Íslands, í Finnlandi, Danmörku, Svíþjóð, Noregi, Eistlandi, Lettlandi og Litháen.

Í samstarfinu felst hönnun námskeiða, kennsla og þátttaka nemenda skólanna í þeim, sem geta mest orðið fjórir frá hverju landi. Haustið 2018 var boðið upp á námskeiðið Comparative aspects of social justice and inclusive education in a diverse or multicultural learning environment in Baltic-Nordic Countries (CASIDME), og tóku þrjú nemendur frá kennaradeild þátt í því.

Kennaradeild tók virkan þátt í ýmsum verkefnum sem lúta að kennaranámi og starfsþróun kennara.

Má þar nefna, auk þess sem þegar er komið fram, þátttöku í samstarfsráði um starfsþróun kennara og stjórnenda þar sem lögð var áhersla á að skoða brotthvarf og nýliðun í kennarastétt. Á grunni þessa starfs skipaði menntamálaráðherra verkefnisstjórn með það hlutverk að leggja fram tillögur að aðgerðum sem

miðuðu að því að auka nýliðun og sporna gegn brottvarfi úr kennarastétt. Háskólinn á fulltrúa í þeirri stjórn. Þá átti kennara-deildin einnig fulltrúa í samstarfshópi um leyfisbréf sem settur var á laggirnar haustið 2018.

Stýrihópur, sem mennta- og menningarmálaráðuneytið stofnaði í kjölfar úttektar Evrópumíðstöðvar um nám án aðgreiningar og sérþarfir, gekkst fyrir fræðslu- og umræðufundum um menntun fyrir alla. Voru þeir liður í mótun nýrrar menntastefnu og voru á 23 stöðum allt land, tveir á hverjum stað, hvor fyrir sinn mark-hóp.

Fyrri fundurinn var með forsvarsmönnum sveitarfélaga og mála-flokka mennta-, velferðar- og heilbrigðismála ásamt fulltrúum úr stýrihópnum. Seinni fundurinn var með fulltrúum skóla- og félagsþjónustu, og foreldra, forstöðumönnum skóla-, fjölskyldu- og fristundamála í heimabyggð og stjórnendum leik-, grunn- og framhaldsskóla. Sá fundur var í höndum hóps sem skipaður var fimm fulltrúum frá Háskólanum á Akureyri og einum frá Háskóla Íslands.

Starfsfólk við fræðasviðið var virkt í rannsóknum eins og með- fylgjandi töflur sýna. Þær eru þó ekki tæmandi fyrir rannsóknir og þátttöku í ráðstefnum eða fræðileg skrif.

RANNSÓKNIR VIÐ FRÆÐASVIÐIÐ

Ný rannsóknarverkefni á árinu, félagsvísinda- og lagadeild:

| Rannsóknaráhersla/rann- sóknarsvið | Heiti verkefnis | Tengiliður innan fræðasviðs | Vefslóð verkefnis |
|------------------------------------|--|-----------------------------|---|
| Lögreglufræði | <i>Rural Policing in Iceland</i> | Andrew Paul Hill | |
| Lögreglufræði | <i>RECPOL - Recruitment, Education and Careers in the Police: A European Longitudinal Study</i> | Guðmundur Ævar Oddsson | |
| Lögreglu- og löggæslufræði | <i>Cybersecurity and Critical Infrastructure</i> | Guðmundur Ævar Oddsson | |
| Heimspeki/menntunarfræði | <i>Universities and Democracy: A Critical Analysis of the Civic Role and Function of Universities in a Democracy</i> | Sigurður Kristinsson | |
| Byggðafraeði | <i>Byggðafesta og búferlaflut- ingar á Íslandi</i> | Þóroddur Bjarnason | |
| Byggðafraeði | <i>Svæðisbundin áhrif íslenskra háskóla</i> | Þóroddur Bjarnason | |
| Félagsvísindi | <i>Inclusive societies. The integration of immigrants in Iceland</i> | Markus Hermann Meckl | https://inclusivesocietiesunak.wordpress.com/ |
| Félagsvísindi | <i>The university as an advocate for responsible education about migration in Europe</i> | Markus Hermann Meckl | |


Rannsóknargreinar birtar í ritrýndum tímaritum og bókum, félagsvísinda- og lagadeild:

| Rannsóknaráhersla/rannsóknarsvið | Tímaritsgreinar | Bækur/bókarkafnar | Samtals |
|----------------------------------|-----------------|-------------------|---------|
| Hugvísindi/félagsvísindi | 32 | 8 | 40 |

Fyrirlestrar á málþingum og ráðstefnum, veggspjöld, félagsvísinda- og lagadeild:

| | |
|---|----|
| Inngangsfyrirlestrar á alþjóðlegum ráðstefnum | 3 |
| Erindi á innlendum ráðstefnum og málþingum | 36 |
| Veggspjöld á innlendum ráðstefnum | 3 |
| Erindi á alþjóðlegum ráðstefnum og málþingum | 79 |

Ráðstefnur haldnar á vegum sviðsins, félagsvísinda- og lagadeild:

| Rannsóknaráhersla/rannsóknarsvið | Heiti ráðstefnu | Mánuður |
|----------------------------------|--|---------|
| Lögreglufræði | Löggæsla og samfélagið | Febrúar |
| Lögreglufræði | Málþing um þekkingar- miðaða löggæslu | Október |

Bækur ritaðar af starfsfólki, félagsvísinda- og lagadeild:

| Heiti bókar | Höfundur | Útgáfa |
|--|--|--|
| <i>Why Believe? Approaches to Religion</i> (ásamt prófessor G. Barden) | Giorgio Baruchello | Háskólinn á Akureyri |
| <i>The Business of Life and Death, 1. bindi: Values and Economies</i> | Giorgio Baruchello | Northwest Passage Books |
| <i>The Business of Life and Death, 2. bindi: Politics, Law, and Society</i> | Giorgio Baruchello | Northwest Passage Books |
| <i>Enhanced Labour Market Opportunities for Immigrant Women: –Case studies from arctic cities, Stockholm</i> | Markus Hermann Meckl Meðhöfundar: Hjördís Rut Sigurjónsdóttir, Marí Wøien, Stéphanie Barillé, Nafisa Yeasmin, Aija Burdikova, Timo Koivurova, Liisa Perjo. | Norræna ráðherranefndin í ritróðinni Series Nordregio Report |

Ný rannsóknarverkefni á árinu, kennaradeild:

| Rannsóknaráhersla/rannsóknarsvið | Heiti verkefnis | Tengiliður innan fræðasviðs | Vefslóðverkefnis |
|--|---|---|---|
| Lýðheilsa/heilsufar | <i>Icelandic Children to Adulthood Cohort Study</i> | | |
| Lýðheilsa/lífeðlisfræði | <i>Sjóveiki á meðal sjómanna á íslenskum far- og fiskiskipum</i> | Nanna Ýr Arnardóttir | |
| Menntavísindi/kennslufræði | <i>QUINT – Quality in Nordic Teaching</i> | Birna María B. Svanbjörnsdóttir | https://www.uv.uio.no/quint/english/ |
| Menntavísindi | <i>Skólaþjónusta sveitarfélaga</i> | Rúnar Sigþórsson | |
| Menntavísindi/kennslufræði | <i>What is inside the black box in Nordic schools? Understanding the inner core of inclusive capability</i> | Birna María B. Svanbjörnsdóttir | |
| Menntavísindi/lestrarfræði | <i>Ritun í Byrjendalæsi</i> | Rannveig Oddsdóttir | |
| Félagsvísindi/Innflytjendur | <i>Inclusive Societies? The integration of immigrants in Iceland</i> | Markus Hermann Meckl og Hermína Gunnþórsdóttir | |
| Leikskólafræði, Kennarfræði, Menntavísindi | <i>Tæknilæsi leikskólabarna (sjálfstæður hluti af H20/20 verkefni um Makerspaces)</i> | Anna Elísa Hreiðarsdóttir, Kristín Dýrfjörð, Margrét Elísabet Ólafsdóttir | http://makeproject.eu/ |
| Menntavísindi/leikskólafræði | <i>Breytingar á starfi leikskólastjóra/leikskóla frá 1987 – 2017</i> | Kristín Dýrfjörð | |
| Málnotkun unglinga | <i>Icelandic Youth Language</i> | Finnur Friðriksson | |

Rannsóknargreinar birtar í ritrýndum tímaritum og bókum árið 2018 (fjöldi tímaritsgreina sem birtar eru með alþjóðlegum meðhöfundum er tilgreindur í sviga):

| Rannsóknaráhersla/rannsóknarsvið | Tímaritsgreinar | Bækur/bókarkafar | Samtals |
|--|-----------------|------------------|---------|
| Íslenska og íslenskukennsla | 1 | 8 | 9 |
| Íslenskar bókmenntir | 1 | | 1 |
| Læsi | 2 | | 2 |
| Stjórn málafræði | 1 | 2 | 3 |
| Kennaranám | 2 (2) | | 2 (2) |
| Starfsþróun | 2 | | 2 |
| Jafnrétti, fjölmennning og margbreytileiki | 4 (1) | 3(1) | 7(2) |
| Skólastjórnun og aðkoma sveitarfélaga | 2 | | 2 |
| Listfræði | | 1 | 1 |
| Leikskólafræði | | 1 | 1 |

Bækur ritaðar af starfsfólki kennaradeildar:

| Heiti bókar | Höfundur | Útgáfa | Rannsóknaráhersla/rannsóknarsvið |
|---|------------------------------|----------------|----------------------------------|
| <i>Skólar og lýðræði. Um borgaramenntun</i> | Guðmundur Heiðar Frímannsson | Háskólaútgáfan | Heimspeki, menntavísindi |



MIÐSTÖÐ SKÓLAÞRÓUNAR — MSHA MIÐSTÖÐ SKÓLAÞRÓUNAR

Miðstöð skólaþróunar er starfrækt innan hug- og félagsvísindasviðs Háskólans á Akureyri. Hlutverk hennar er að efla leik-, grunn- og framhaldsskóla sem faglegar stofnanir og vera farvegur þekkingar til starfandi kennara á öllum skólastigum og frá þeim til háskóla.

Meginviðfangsefni sérfræðinga MSHA lúta að þróunar- og umbótastarfi á vettvangi skólastarfs og annast þeir ráðgjöf og fræðslu til starfandi kennara og skólastjórnenda. Innan MSHA hefur byggst upp margvísleg þekking á stjórnun og forystu, starfsþróun og fagmennsku, fjölbreyttum starfsháttum í skólum, námskrárgerð, mati á skólastarfi og læsi. Í samstarfi við sérfræðinga innan kennaradeildar Háskólans á Akureyri hefur miðstöðin forgöngu um að kynna kennurum nýjungar á sviði skólaþróunar. MSHA stendur auk þess fyrir rannsóknum á starfsháttum í skólum (starfendarannsóknum) og heldur ráðstefnur, námskeið og fræðslufundi. Þá sinna sérfræðingar MSHA kennslu í kennaradeild og hafa umsjón með lokaverkefnum bakkalár- og meistaranema.

MSHA hefur með höndum sérfræðipjónustu við leik- og grunnskóla Akureyrarbæjar skv. sérstökum samningi þar um. Fleiri sveitarfélög víðsvegar um landið hafa að auki gert tímabundna samninga við MSHA um ýmis áhugaverð skólaþróunarverkefni. Unnið er samkvæmt starfs- og þróunaráætlunum viðkomandi sveitarfélags/skóla. Í starfi MSHA á vettvangi skólastarfs er lögð áhersla á fræðslu, ráðgjöf, samræðu, samvinnu og ígrundun. Skólaþróunarverkefnum er ætlað að leiða til starfsþróunar og eflingar skólastarfs á öllum skólastigum.

Helstu verkefni hjá Miðstöð skólaþróunar á árinu 2018:

- Byrjendalæsi og læsi til náms – þróun starfshátta í læsiskennslu í leik- og grunnskólum.
- Orðaleikur – málörvun leikskólabarna og barna ef erlendum uppruna, þróunarverkefni og námsefnisgerð.
- Samræðufélagar – málörvun barna af erlendum uppruna – þróunarverkefni í grunnskóla.
- Stærðfræðileiðtogar – þróun starfshátta í stærðfræðikennslu á miðstigi grunnskóla.
- Zankov – þróunarverkefni í stærðfærði á yngsta stigi grunnskóla.
- Samskipti stúlkna – þróun fyrirbyggjandi aðgerða gegn einelti, sérstaklega hjá stúlkum.
- Krakkaspjall – samskiptaverkefni á yngsta- og miðstigi grunnskóla.
- Unglingaspjall – samskiptaverkefni á unglingsstigi.

- Bekkjarfundir – ráðgjöf og stuðningur við starfandi kennara á grunn- og framhaldsskólastigi.
- Hugleikur – samræður til náms – þróunarverkefni á öllum skólastigum.
- Forvarnir gegn einelti – stuðningur og ráðgjöf við gerð forvarnaáætlaða gegn einelti.
- Leiðsagnarmat – þróun fjölbreyttra leiða í námi, kennslu og námsmati á öllum skólastigum.
- Snjallvagninn – notkun snjalltækja í námi og kennslu í leikskólum og á yngsta stigi grunnskóla.
- Kennslufræðilegur stuðningur við kennara á grunnskólastigi, í samstarfi við fræðslusvið Akureyrarbæjar.
- Úttektir og mat á afmörkuðum þáttum skólastarfs á grunn- og framhaldsskólastigi.
- Stuðningur og ráðgjöf varðandi stefnumótun og skólánámskrárgerð á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi.
- Námsfnisgerð í tengslum við málörvun og læsi.
- Námskeið og stutt erindi samkvæmt óskum frá skólum á öllum skólastigum

Ráðstefnur, námsstefnur, málþing og samræðusmiðjur

MSHA stendur árlega fyrir ráðstefnum um skólamála með þátttöku sérfræðinga úr háskólum bæði hérlendis og erlendis. Haustráðstefna um læsi er haldin annað hvert ár, auk þess sem miðstöðin hefur staðið fyrir ýmiss konar viðburðum á Alþjóðadegi læsis 8. september í samstarfi við bókasafn HA og Amtsbókasafnið á Akureyri.

Árleg vorráðstefna MSHA var haldin þann 14. apríl í Háskólanum á Akureyri og bar að þessu sinni yfirskriftina *Sterkari saman, farsælt samstarf heimila og skóla*. Rúmlega 100 þátttakendur sóttu ráðstefnuna.

Ráðstefna um læsi var haldin í HA þann 15. september í samstarfi við Menntamálastofnun og bar yfirskriftina *Læsi í skapandi skólastarfi*. Ráðstefnugestir voru 320 talsins og komu alls staðar að af landinu. Í tengslum við læsiráðstefnuna var haldin námstefna um Byrjendalæsi. Námsstefnuna sóttu 150 kennarar og áhuga-fólk um Byrjendalæsi.

Á haustönn stóð MSHA fyrir röð námskeiða um notkun snjalltækja í skólastarfi. Námskeiðin voru 10 talsins og haldin í samstarfi við Akureyrarbæ. Snjallvagninn gerði að auki víðreist og heimsótti

skóla á Akureyri og í nágrannasveitarfélögum. MSHA tók þátt í verkefninu Stelpur og tækni og Vísindaskóla unga fólksins.

Styrkir

Miðstöðinni varð vel ágengt í öflun styrkja á árinu. Stuðningurinn hefur m.a. gert miðstöðinni kleift að byggja upp Snjallvagninn en á honum er að finna fjölbreytt úrval snjalltækja til notkunar í námi og kennslu á öllum skólastigum. Að auki fengust styrkir til þróunar á nýjum verkefnum, kennslugögnum og námsefni. Þeir aðilar sem styrktu starfsemi MSHA á árinu voru KEA, Norðurorka, Landsvirkjun, Lýðheilsusjóður, Þróunarsjóður námsgagna, Endurmenntunarsjóður grunnskóla, Sprotasjóður og Verkefnasjóður HA og Rannsóknasjóður HA.

Á fyrri hluta ársins 2018 störfuðu átta sérfræðingar hjá MSHA í 6,1 stöðugildi. Á síðari hluta ársins voru þeir sjö í 5,8 stöðugildum (einn sérfræðingur var í launalausilefni á haustönn.) Forstöðumaður var Laufey Petrea Magnúsdóttir.

www.msha.is





VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

Hlutverk viðskipta- og raunvísindasviðs er að mennta nemendur til starfa á sviði góðrar auðlindanýtingar í anda sjálfbærni, sem og að veita nemendum þekkingu og þjálfun í viðskiptafræði til ábyrgðarstarfa við rekstur fyrirtækja, stofnana og samtaka.

Frá og með hausti 2018 er í boði doktorsnám við viðskipta- og raunvísindasvið á sviðum líftækni, sjávarútvegs- og fiskeldisfræði svo og viðskiptafræði. Gert er ráð fyrir að doktorsverkefni við sviðið verði að jafnaði þverfræðileg og unnin í nánu samstarfi deilda innan sviðsins sem og í samstarfi við önnur fræðasvið HA og innlenda jafnt sem erlenda háskóla, stofnanir og fyrirtæki.

Viðskipta- og raunvísindasvið hefur námsframboð sem ekki er að finna við aðra háskóla hér á landi. Það er sérhæft nám í líftækni og sjávarútvegsfræðum á BS-stigi og nám til MS-gráðu í auðlindafræðum á sömu sviðum. Ennfremur nám til MRM-gráðu í haf- og strandsvæðastjórnun í samstarfi við Háskólasetur Vestfjarða.

Ýmsir doktorsnemendur hafa í gegnum tíðina unnið að doktorsverkefnum sínum undir leiðsögn sérfræðinga sviðsins, þó að þeir hafi stundað námið við aðra háskóla. Frá og með hausti 2018 er í boði doktorsnám við viðskipta- og raunvísindasvið á sviðum líftækni, sjávarútvegs- og fiskeldisfræði og viðskiptafræði. Gert er ráð fyrir að doktorsverkefni við sviðið verði að jafnaði þverfræðileg og unnin í nánu samstarfi deilda innan sviðsins sem og í samstarfi við önnur fræðasvið HA og innlenda jafnt sem erlenda háskóla, stofnanir og fyrirtæki.

Viðskipta- og raunvísindasvið skiptist í tvær deildir, auðlindadeild og viðskiptadeild. Nám í tölvunarfræði, í samstarfi við Háskólann í Reykjavík, fer fram á viðskipta- og raunvísindasviði. Sjávarútvegsmiðstöð Háskólans á Akureyri – SHA, sem er sjálfseignarstofnun, heyrir undir sviðið. Viðskipta- og raunvísindasvið tekur þátt í samstarfi um Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna – UNU – FTP með því að skipuleggja og sjá um námskeið sem fara fram árlega við HA. Þá brautskrást frá sviðinu nemendur með meistarágráðu í haf- og strandsvæðastjórnun, en námið fer fram við Háskólasetur Vestfjarða.

Eitt af stefnumálum sviðsins er að byggja upp öflugt, þverfaglegt meistaranám með áherslu á nám sniðið að þörfum hvers og

eins. Í því augnamiði var boðið nýtt 12 ECTS-eininga námskeið í alþjóðaviðskiptum með áherslu á lítil og meðalstór fyrirtæki í alþjóðlegu umhverfi. Áherslur ganga þvert á fræðasviðið og gagnast námskeiðið því nemendum beggja deilda. Námskeiðið er skipulagt þannig að nemendur geta valið að taka hluta þess. Frá og með vormisseri 2019 er fyrirhugað að bjóða nýtt námskeið í alþjóðaviðskiptum með áherslu á stefnumótun, útflutningshegðun og áhættustjórnun.

Unnið var að ítarlegri stefnumótun fyrir sviðið og deildir þess í framhaldi af undirbúningsvinnu sem fram fór fyrir Stefnu Háskólans á Akureyri 2018 – 2023. Undirbúið var grunnnám á ensku á sviði sjávarútvegsfræða ásamt Háskólanum í Reykjavík og framhaldsnám á ensku í sömu fræðum í samstarfi við Háskóla Íslands. Stefnt er að því að bjóða námið við HA frá og með skólaárinu 2019 – 2020. Norræna ráðherranefndin veitti styrk til þriggja ára til að skipuleggja nýtt námsframboð á meistarastigi um sjálfbæra nýtingu sjávarauðlinda, MarBio. Þar er HA í samstarfi við Háskólann á Hólum, Göteborgs Universitet í Svíþjóð, Nord Universitetet í Bodø í Noregi og University of New England í Bandaríkjunum.

Gott samstarf er um rannsóknir og kennslu við fyrirtæki í íslensku atvinnulífi og gefur það námi á sviðinu hagnýta vídd. Kennarar stunda öflugar rannsóknir í alþjóðlegu samhengi og í samstarfi við innlendar og erlendar rannsóknarstofnanir og fyrirtæki. Það styrkir verulega grundvöll rannsóknartengds meistaranáms og doktorsnáms við fræðasviðið.

Erlendir skiptinemar til sviðsins voru 17 talsins, frá Þýskalandi, Slóvakíu, Bandaríkjunum, Finnlandi og Spáni. Fimm nemendur fóru til skiptináms við erlendar háskólastofnanir á vegum Erasmus og Nordplus, til Noregs, Suður - Kóreu, Svíþjóðar og Belgíu.

Margir kennarar sviðsins sóttu ráðstefnur og fundi erlendis vegna ýmiss konar tengsla. Nefna má samstarf við University of Reading í Englandi um sumarskóla við HA, og heimsóknir til Lettlands, Finnlands og Eistlands í tengslum við Erasmus- og Nordplus (Nobanet)- samstarf. Einnig fundi í Búlgaríu og Austurríki í tengslum við ESPON (Evrópska rannsóknaráætlunin um byggða- og svæðarannsóknir).

Viðskipta- og raunvísindasvið tók á móti fjölmörgum gestum frá samstarfsskólum í Japan, Kína, Frönsku Gíneu, Litháen, Tékklandi, Írlandi, Póllandi og Slóvakíu, og einnig sendinefnd frá háskólanum í Tromsø í Noregi.

Fastir kennarar voru 27 í rúmlega 23 stöðugildum, að meðtöldum tveimur prófessorsstöðum sem sviðið deilir annars vegar með Náttúrufræðistofnun Íslands og hins vegar með Hafrannsóknastofnun. Þar með talin er líka staða sérfræðings með aðsetur við BioPol ehf. á Skagaströnd og staða verkefnastjóra náms í tölvunarfræði. Meðal kennara sviðsins eru átta prófessorar.

Stjórnskipulagi viðskipta- og raunvísindasviðs er lýst í reglum nr. 864/2009.

AUÐLINDAEIDL

Innan auðlindaeildar eru tvær námsbrautir, líftækni og sjávarútvegsfræði, auk þess sem boðið er tveggja ára diplómanám í náttúru- og auðlindafræði. Lögð er áhersla á að auka þekkingu á auðlindum norðurlöða í víðum og þverfaglegum skilningi. Í starfi deildarinnar fara saman nám og rannsóknir í líftækni, sjávarútvegsfræðum og öðrum náttúruvísindum samhliða áherslum á hagfræði, viðskiptafræði og stjórnun. Slík menntun er forsenda góðrar auðlindastjórnunar og styður sjálfbæra nýtingu auðlinda til verðmætasköpunar. Starfsemi deildarinnar á árinu 2018 var svipuð og undanfarin ár.

Í auðlindaeild var boðið þriggja ára 180 ECTS-eininga nám til BS-gráðu í sjávarútvegsfræði og í líftækni. Einnig geta nemendur lokið tvöfaldri (240 eininga) námsgráðu í sjávarútvegs- og viðskiptafræðum til BS-gráðu, sem lengir námstímann um að lágmarki eitt ár.

Þá var einnig boðið tveggja ára 120 eininga diplómanám í náttúru- og auðlindafræði á BS-stigi. Á framhaldsstigi var boðið 120 eininga einstaklingsmiðað, rannsóknartengt nám til MS-gráðu í auðlindafræðum með áherslu á annað hvort líftækni eða sjávarútvegsfræði. Námið er alþjóðlegt og rannsóknartengt og er skipulagt til tveggja ára. Námskeið eru tekin að hluta til við HA og að hluta til við aðra háskóla hér á landi eða erlendis. Meistaraverkefni geta verið ýmist 60 eða 90 einingar. Meistaránámsnefnd viðskipta- og raunvísindasviðs tryggir að námskrá standist ífrustu gæðakröfur.

Nemendur sem brautskrást með MS-gráðu í framhaldi af BS-gráðu í sjávarútvegsfræðum bera starfsheitið sjávarútvegsfræðingur.

Auðlindaeild býður nám í samstarfi við Háskólasetur Vestfjarða og fer það fram á Ísafirði.

Það er 120 eininga meistaranám til MRM-gráðu, Master of Resource Management, í haf- og strandsvæðastjórnun. Einnig 120 eininga meistaranám í sjávarbyggðfræði til MA-gráðu (frá ár-

inu 2017) og 90 eininga diplómanám í sjávar tengdri nýsköpun á meistarastigi.

Líftækni

Nám í líftækni er samsett af ýmsum námskeiðum á sviði náttúruvísinda og auðlindalíftækni, ásamt viðskiptagreinum og greinum af heilbrigðisvísindasviði (heilbrigðislíftækni). Lögð er rík áhersla á að kynna nemendum líftækniengar aðferðir við að nýta auðlindir með nýstárlegum hætti og koma afurðum slíkrar þróunar á markað. Áhersla er lögð á umhverfis- og orkulíftækni, einkum:

- niðurbrot lífræns úrgangs og nýmyndun orkuríkra efna
- líftæknilega þætti fiskeldis hvað varðar heilbrigði og næringu/fóður
- lífvirk efni
- efni með lyfjavirkni
- fæðubótarefni
- aukaeftir í matvælum og efni sem styrkja ónæmiskerfið
- grunnrannsóknir á erfðaauðlindum íslenskrar náttúru

Af sérnámskeiðum má nefna erfðafræði og sameindaerfðafræði, líftækni, lífefnafræði, ónæmisfræði, líftæknilega örverufræði, matvælafræði, gena- og gagnasöfn og gæðaframleiðsluferli.

Sjávarútvegsfræði

Markmið námsins er að veita nemendum góðan þekkingargrunn til að starfa í sjávarútvegi og tengdum greinum og breiðan grunn til frekara náms. Námið veitir þverfaglega þekkingu sem nýttist sérstaklega vel til stjórnunarstarfa í ýmsum greinum sjávarútvegs og annarra framleiðslugreina, svo sem við veiðar, vinnslu og markaðssetningu sjávarafurða. Kennend eru undirstöðunámskeið raun- og viðskiptagreina. Í sérnámskeiðum sjávarútvegsfræði er fjallað um vistkerfi sjávar og um veiðar og vinnslu sjávarafurða. Mikil áhersla er lögð á samvinnu við fyrirtæki og stofnanir sem vinna við sjávarútveg og stoðgreinar hans, ekki síst í tengslum við lokaverkefni nemenda.

Kennarar viðskipta- og raunvísindasviðs hafa árlega séð um mótöku og kennslu fyrir nemendahóp Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna en nemendur þar koma víðs vegar að úr heiminum. Annars vegar er um að ræða grunnþjálfun í viðskiptafræði og markaðsfræði og hins vegar sérhæft nám um rekstur og markaðssetningu sjávarútvegsfyrirtækja, A specialist course on Management of Fisheries Companies and Marketing.



VIÐSKIPTAÐEILD

Viðskiptafræði við Háskólann á Akureyri er hagnýtt nám. Nemendur öðlast þekkingu á grunnatriðum viðskiptafræða og eru þjálfaðir í faglegum vinnubrögðum og gagnrýnni hugsun, sem gerir þá hæfa til að beita viðurkenndum aðferðum við ákvarðanatöku, stjórnun og stefnumótun. Samhliða því eru nemendur æfðir í fræðilegum vinnubrögðum sem nýtast í framhaldsnámi og starfi. Í grunnnáminu öðlast nemendur góða grunnþekkingu á viðskiptafræði. Starfsemi deildarinnar á árinu 2018 var með svipuðu sniði og undanfarin ár.

Nám til BS-gráðu í viðskiptafræði er 180 ECTS-einingar, skipulagt til þriggja ára. Í boði voru þrjár námsleiðir: Stjórnun og markaðsfræði, stjórnun og fjármál, og viðskiptafræði með áherslu á sjávarútvegsfræði. Eins og fram hefur komið er einnig boðið upp á að nemendur geti lokið tvöfaldri (240 eininga) námsgráðu í sjávarútvegs- og viðskiptafræðum til BS-gráðu.

Stjórnun og markaðsfræði

Lögð er áhersla á að mennta fólk til stjórnunar- og markaðsstarfa. Fjallað er um stjórnun skipulagsheilda, mannauðsstjórnun og stefnumótun. Einnig um auglýsinga- og kynningarmál, þjónustumarkaðsfræði, neytendahegðun, almannatengsl og markaðsrannsóknir. Farið er yfir aðferðir til markaðsgreiningar sem og gerð markaðs- og kynningaráætlana, þjónustumælinga og almannatengslaherferða. Að auki eru kennd námskeið í vörubrúun og áættlanagerð.

Stjórnun og fjármál

Lögð er áhersla á að mennta fólk til almennra stjórnunarstarfa í fyrirtækjum og til að gegna ábyrgðarstöðum í fjármálafyrirtækjum. Meðal annars er fjallað um stjórnun skipulagsheilda, mannauðsstjórnun, stefnumótun, hagnýta stærðfræði, hagrannsóknir og þjóðhagfræði. Einnig er fjallað ítarlega um fjármálastjórnun, áhættustýringu og verðbréfalögfræði.

Viðskiptafræði með áherslu á sjávarútvegsfræði

Námið veitir þverfaglegan grunn viðskiptagreina og séráfangu í sjávarútvegsfræðum. Áhersla er lögð á samstarf við fyrirtæki og stofnanir í sjávarútvegi og stoðgreinum hans. Viðskiptafræðingar með sjávarútvegsfræði sem aukagrein hljóta menntun sem m.a. nýtist vel til starfa í fyrirtækjum tengdum sjávarútvegi.

Meistaránám í viðskiptafræði til MS-gráðu er 90 eða 120 ECTS-einingar. Námið er einstaklingsmiðað, rannsóknartengt og skipulagt til tveggja ára. Nemandi fylgir eigin námskrá sem sniðin er að þörfum hans og rannsóknarverkefninu. Meistaránámsnefnd viðskipta- og raunvísindasviðs tryggir að námskrá standist ítrustu gæðakröfur. Tvær leiðir eru til MS-gráðu, annars vegar 30 eininga meistaraverkefni og 60 einingar í námskeiðum og hins vegar 60 eininga meistaraverkefni og 90 einingar í námskeiðum. Tíu einingar hið minnsta af námskeiðshluta meistaránáms skulu vera námskeið í rannsóknaraðferðum. Önnur námskeið tekur nemandi við HA eða samstarfsháskóla, erlenda eða innlenda. Einnig er mögulegt að nemandi taki lesnámskeið í samráði við aðalleiðbeinanda sinn og að fengnu samþykki meistaránámsnefndar sviðsins.

RANNSÓKNIR

Kennarar viðskipta- og raunvísindasviðs stunda öflugar rannsóknir í alþjóðlegu samhengi og náði samstarf er við innlendar og erlendar rannsóknastofnanir og fyrirtæki og vísindamenn vítt og breitt um heiminn, meðal annars undir merkjum Erasmus, Nordplus (Nobanet) og ESPON.

Kennarar sviðsins hafa verið virkir við birtingar og kynningar á niðurstöðum rannsókna sinna. Birtur var svipaður fjöldi rannsóknargreina í ritrýndum tímaritum og bókum og gert hefur verið á liðnum árum og fjöldi fyrirlestra og veggspjalda á erlendum og innlendum vettvangi var einnig svipaður og verið hefur.

Prófessor á viðskipta- og raunvísindasviði er tengiliður fyrir hönd Háskólans á Akureyri og íslensks rannsóknarsamfélags við Evrópsku rannsóknaráætlunina um byggða- og svæðarannsóknir – ESPON, www.espon.eu. Þetta er samkvæmt samningi við Byggðastofnun sem gildir út árið 2020.

Á árinu var unnið að því að koma upp nýrri aðstöðu til rannsókna og kennslu í vinnslu og vörubrúun matvæla í rannsóknarrými sem sviðið hefur til umráða. Nauðsynlegum tækjum og búnaði verður á næstu árum áfram komið fyrir í aðstöðunni.

Samstarf var um nám og rannsóknir við fjölda fyrirtækja og rannsóknastofnana hérlendis. Må þar telja aðila sem eru til húsa á Borgum, svo sem Hafrannsóknastofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Mátis ohf. og Fiskistofu. Ennfremur var virkt samstarf við aðra íslenska og erlenda háskóla, svo sem Háskólann í Reykjavík, Háskóla Íslands, Landbúnaðarháskóla Íslands og Háskólann á Hólum. Einnig við fjölda fyrirtækja, svo sem Samherja hf., Norð-urorku hf., Biopol ehf., og Landsvirkjun auk fjölda annarra.

Ný rannsóknarverkefni á árinu

| Rannsóknaráhersla/rannsóknarsvið | Heiti verkefnis | Tengiliður innan fræðasviðs |
|------------------------------------|---|---------------------------------|
| Stjórnsmál – markaðsmál | <i>Markaðssvæði stjórnsmála</i> | Vera K. Vestmann |
| Vinumarkaður – mannauður | <i>Heilsa og líðan starfsfólks íslenskra sveitarfélaga</i> | Hjördís Sigursteinsdóttir |
| Örverufræði – örveruvistfræði | <i>Sýkingarhæfni valinna Pseudomonas og rannsóknir á erfðaeefni þeirra</i> | Margrét Auður Sigurbjörnsdóttir |
| Örverufræði – örveruvistfræði | <i>The Icelandic landscapes as a source of bio-aerosols that facilitate rain and snowfall on the European continent</i> | Oddur Vilhelmsson |
| Örverufræði – örveruvistfræði | <i>Production of higher alcohols from fatty acids</i> | Sean M. Scully |
| Örverufræði – örveruvistfræði | <i>Resolution of Alkyl 1,2-diols and related compounds</i> | Sean M. Scully |
| Örverufræði – örveruvistfræði | <i>Framleiðsla fituefna úr flóknum lífmassa með bakteríum</i> | Eva María Ingvadóttir |
| Undirbúningur 4. iðnbyltingarinnar | <i>Global MAGIC</i> | Arnheiður Eyþórsdóttir |
| Samstarf | <i>Íslandsleiðangur PELE- hópsins</i> | Oddur Vilhelmsson |
| Samstarf | Samstarf við INRA í Frakklandi | Margrét Auður Sigurbjörnsdóttir |

Rannsóknargreinar birtar í ritrýndum tímaritum og bókum árið 2018

| Rannsóknaráhersla/rannsóknarsvið | Tímaritsgreinar | Bækur/bókarkafar | Samtals |
|--|-----------------|------------------|---------|
| Alþjóðastofnanir, viðskipti | 18 | | 18 |
| Ferðaþjónusta | 2 | | 2 |
| Fjármál, markaðsmál | 12 | | 12 |
| Byggðarannsóknir – sveitastjórnarmál | | 4 | 4 |
| Vinumarkaður | 1 | | 4 |
| Umhverfi og auðlindir sjávar, fiskeldi | 3 | | 3 |
| Örverufræði – örveruvistfræði | | 3 | 3 |



Fyrirlestrar á málþingum og ráðstefnum, veggspjöld

| | |
|---|----|
| Inngangsfyrirlestrar á alþjóðlegum ráðstefnum | 5 |
| Erindi á erlendum ráðstefnum og málþingum | 40 |
| Erindi á innlendum ráðstefnum og málþingum | 93 |
| Veggspjöld á alþjóðlegum ráðstefnum | 7 |

Ritaskrá, bækur ritaðar af starfsfólki

| Heiti bókar | Höfundur | Útgáfa | Rannsóknaráhersla/rannsóknarsvið |
|--|-----------------------|---------------------------------------|----------------------------------|
| <i>The Economic Crisis and its Aftermath in the Nordic and Baltic Countries Do As We Say and Not As We Do.</i> | Hilmar Þór Hilmarsson | Routledge – Taylor & Francis Group | Viðskipti – fjármál |





MIÐSTÖÐ DOKTORSNÁMS

Háskólaráð samþykkti þann 21. júní 2018 Reglur nr. 701/2018 um doktorsnám og doktorspróf við Háskólann á Akureyri.

Miðstöð doktorsnáms við Háskólann á Akureyri tók formlega til starfa 1. ágúst 2018.

Hlutverk miðstöðvar doktorsnáms er að fara með málefni doktorsnáms við háskólann og efla rannsóknir við skólann. Í umsjón með doktorsnámi felst allur ferill doktorsnema frá umsóknarferli til mats á doktorsverkefni og doktorsvarnar. Miðstöð doktorsnáms heldur utan um námsferilsskrá fyrir hvern doktorsnema, framvinduskýrslur og niðurstöður miðnámsmats. Það er á ábyrgð miðstöðvar doktorsnáms að gæði námsins séu samkvæmt viðmiðum um æðri menntun og prófgráður og að doktorsnámið falli að heildarhlutverki háskólans sem fræðastofnunar í þágu samfélagsins.

Háskólinn á Akureyri hefur heimild til að bjóða doktorsnám í félagsfræði, hjúkrunarfræði, líftækni, lögfræði, sjávarútvegs- og fiskeldisfræði og viðskiptafræði.

Fyrstu tvær umsóknir um doktorsnám voru samþykktar á haustmisseri. Fyrirhugað er að fyrstu doktorsnemarnir brautskráist 2023.

Miðstöð doktorsnáms tók einnig við hlutverki miðlægrar stjórn-sýslu rannsókna við háskólann, sem áður var hýst hjá Rannsóknamiðstöð HA – RHA. Það felur í sér grunnmat vegna umsókna um framgang akademískra starfsmanna háskólans, samskipti við dómnefnd háskólans og umsækjendur um akademískar stöður, og umsjón með rannsóknarmisserum akademískra starfsmanna. Einnig umsjón með rannsóknarstigum og samskipti við akademíska starfsmenn vegna mats á stigum og úrvinnslu. Ennfremur samskipti vegna úthlutunar úr vinnumatssjóði.

Stjórn Miðstöðvar doktorsnáms nefnist doktorsnámsráð. Það skipa:

Dr. Lars Gunnar Lundsten, forstöðumaður Miðstöðvar doktorsnáms, formaður

(varafulltrúi er dr. Stefán B. Sigurðsson, prófessor emeritus)

dr. Sigríður Halldórsdóttir prófessor, fulltrúi heilbrigðisvísindasviðs

(varafulltrúi er dr. Árun K. Sigurðardóttir prófessor)

dr. Guðmundur Heiðar Frímannsson prófessor, fulltrúi hug- og félagsvísindasviðs

(varafulltrúi er dr. Rachael Lorna Johnstone prófessor)

dr. Grétar Þór Eyþórsson prófessor, fulltrúi viðskipta- og raunvísindasviðs

(varafulltrúi er dr. Steingrímur Jónsson prófessor)

dr. Guðrún Rósa Þorsteinsdóttir, forstöðumaður RHA, fulltrúi háskólaskrifstofu

(varafulltrúi er dr. Auðbjörg Björnsdóttir, forstöðumaður Kennslumiðstöðvar HA).

Fulltrúi doktorsnema hefur ekki verið tilnefndur.

Eitt stöðugildi er við Miðstöð doktorsnáms við HA fyrir utan forstöðumann. Starfsmenn miðstöðvar doktorsnáms frá 1. ágúst 2018 voru Lars Gunnar Lundsten forstöðumaður og Sædis Gunnarsdóttir, verkefnastjóri doktorsnáms og stjórn-sýslu rannsókna.

Stefán B. Sigurðsson, prófessor emeritus, starfar sem ráðgjafi miðstöðvar doktorsnáms.

Miðstöð doktorsnáms heyrir undir skrifstofu rektors.





RANNSÓKNIR VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI

Í framtíðarsýn stefnu Háskólans á Akureyri 2018 – 2023 er skólinn ein helsta mennta- og rannsóknastofnun landsins. Háskólinn er virkur og virtur þátttakandi í íslensku og alþjóðlegu fræðasamfélagi ásamt því að vinna með atvinnulífínu að nýsköpun og eflingu frumkvöðlahugsunar í nærsamfélaginu.

Markmið háskólans í rannsóknum og nýsköpun eru eftirfarandi:

- Efling rannsókna
- Doktorsnám á öllum fræðasviðum
- Aukin sókn í samkeppnissjóði
- Aukin þátttaka skólans og nemenda hans í nýsköpun.

Grunnurinn að auknum rannsóknum við Háskólann á Akureyri verður aukin virkni rannsóknarhópa sem munu sækja fram á sínum fræðasviðum eða til þess að takast á við stórar áskoranir samfélagsins á hverjum tíma. Rannsóknarhópar eru kjarninn í doktorsnámi skólans þar sem doktorsnemar verða fjármagnaðir í gegnum innlenda og erlenda rannsóknarsjóði.

Samkvæmt reglum nr. 928/2018 um starfsskyldur kennara við Háskólann á Akureyri skiptist vinnuskylda kennara í kennslu, rannsóknir og stjórnun í ákveðnum hlutföllum eftir starfsheiti og starfshlutfalli. Kennarar hafa akademískt frelsi til að velja viðfangsefni og aðferðir í rannsóknum á sínu sviði sem skilgreint er af viðkomandi fræðasviði. Niðurstöður rannsókna skal kynna á vísindalegum vettvangi sem gerir strangar fræðilegar kröfur og einnig skulu þær kynntar almenningi.

Rannsóknir eru almennt 40% af starfi prófessora, dósentna og lektora. Rannsóknarskylda dósentna og lektora í minna en hálfri stöðu er 23% og aðjúnkt í meira en hálfri stöðu hefur almennt 31% rannsóknarskyldu.

Háskólinn á Akureyri stuðlar að rannsóknum kennara á ýmsan hátt: Með góðri vinnuáðstöðu og stoðþjónustu, með rannsóknarleyfum skv. reglum nr. 355/2012 um rannsóknamiseri kennara við Háskólann á Akureyri og með styrkveitingum úr Rannsóknasjóði HA.

Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri – RHA hýsti stjórnarsýslu rannsókna sem hefur yfirsýn yfir rannsóknir við háskólann. Það

breyttist þegar miðlæg stjórnarsýsla rannsókna færðist til miðstöðvar doktorsnáms við HA þann 1. ágúst.

Árlega eru lagðar fram upplýsingar um rannsóknir á undangengnu ári, svo sem fjölda birtinga og tilvitnana eftir fagsviðum. Gæðaráð Háskólans á Akureyri metur gæði og stöðu rannsóknarstarfsmanna með hliðsjón af markmiðum háskólans og ákveður aðgerðir til úrbóta sé þess þörf.

Rannsóknarvirkni starfsmanna er meðal annars mæld í fjölda birtinga ritrýndra greina.

Birtingar akademískra starfsmanna á árinu 2018 voru 163 talsins, þar af var fjöldi ritrýndra fræðigreina í ISI-tímaritum 56. Birtingar ritrýndra fræðigreina hafa verið að aukast á síðustu árum.

Rannsóknarvirkni akademískra starfsmanna er líka metin í rannsóknarstigum sem endurspeglar bæði birtingar og aðra þætti svo sem þátttöku í ráðstefnum, útgáfu ritrýndra bóka og fleira. Rannsóknarstigin fyrir árið 2018 eru 2.571 og hefur virkni akademískra starfsmanna HA aukist milli ára.

Háskólinn leggur áherslu á samþættingu kennslu og rannsókna fyrir nemendur sína á öllum námsstigum. Skólinn hefur um árabíl boðið rannsóknartengt meistaranám og frá hausti 2019 er boðið doktorsnám við HA.

Á vef háskólans má lesa um einstök rannsóknarverkefni: <https://www.unak.is/is/rannsoknir/rannsoknir-vid-ha>

MARKAÐS- OG KYNNINGARSVIÐ

Markaðs- og kynningarstarf fór fram með hefðbundnum hætti líkt og undanfarin ár.

Þrír starfsmenn voru við sviðið: Katrín Árnadóttir forstöðumaður, Kristjana Hákonardóttir vefstjóri og Rúnar Gunnarsson, verkefnisstjóri alþjóðamála.

Í lok árs 2018 var stofnuð miðstöð alþjóðasamskipta við HA sem heyrir undir rektorsskrifstofu. Þá færðist staða verkefnastjóra alþjóðamála frá markaðs- og kynningarsviði til miðstöðvarinnar. Rúnar Gunnarsson gegnir þar áfram stöðu verkefnastjóra alþjóðamála.

Kynningar á námsframboði háskólans voru haldnar í framhaldsskólum víða um land. Fenginn var fyrirverandi nemandi búsettur á höfuðborgarsvæðinu til að sinna kynningum í framhaldsskólum þar.

Kynningarfulltrúi fyrir hönd Stúdentafélags HA var Birna Heiðarsdóttir og tók hún virkan þátt í undirbúningi og framkvæmd opinna daga og Háskóladagsins og sinnti fleiri tilfallandi verkefnum. Fulltrúi fjarnema háskólans tók einnig virkan þátt í kynningarstarfi.

Að venju var lögð áhersla á vandaðar auglýsingar í fjölmiðlum fyrir innritun skólaárið 2018 – 2019. Gerðar voru nýjar útvarpsauglýsingar og uppfærslur á vefborðum. Mikil aukning var á notkun vefmiðla svo sem Facebook og Instagram í kynningarstarfinu og hafði Kristjana Hákonardóttir sem fyrr yfirumsjón með markaðsstarfi á vef- og samfélagsmiðlum.

Birtingaáætlun var að vanda faglega unnin í samstarfi við ABS birtingarhús. Grafísk hönnun auglýsinga var í höndum Margrétar Káradóttur. Unnið var kynningarmyndband um sveigjanlegt nám sem fór í loftið 2019.

Vefstjóri og forstöðumaður unnu kynningarefni háskólans í samstarfi við deildir hans. Var byggt á hönnun íslensku auglýsinga-

stofunnar við gerð bæklinga, vefborða og auglýsinga fyrir ljós-vakamiðla.

Háskólar landsins héldu áfram samstarfi um Háskóladaginn, sem er árlegur viðburður þar sem allt háskólanám landsins er kynnt á einum degi á höfuðborgarsvæðinu. Háskóladagurinn var að þessu sinni haldinn laugardaginn 3. mars. Allir sjö háskólar landsins kynntu þar námsframboð sitt. Kynning Háskólans á Akureyri fór fram á neðri hæð á Háskólatorgi HÍ. Rúmlega 40 manns frá HA kynntu þar námið og útteildu um 1.000 bæklingum.

Í kjölfar Háskóladagsins voru haldnar sameiginlegar kynningar á völdum stöðum á landinu, á Akranesi, í Reykjanesbæ og á Akranesi, Selfossi, Ísafirði, Höfn, Egilsstöðum, Akureyri og Sauðárkróki.

Opnir dagar fóru fram í háskólanum 4. og 5. október. Þá var nemendum allra framhaldsskóla á Norðurlandi boðið að koma og kynna fjölbreyttu námsframboði háskólans. Nemendur sáu um kynninguna en markaðs- og kynningarsvið sá um skipulagningu og utnumhald. Kynningin gekk vel og áfram verður haldið með þetta fyrirkomulag. Að þessu sinni komu nemendur frá Verkefnastaskólanum á Akureyri, Menntaskólanum á Akureyri, Fjölbrotaskóla Norðurlands vestra, Menntaskólanum á Tröllaskaga, Framhaldsskólanum á Húsavík og Menntaskólanum á Egilsstöðum.

Markaðs- og kynningarsvið sá um skipulagningu fjölmargra annarra viðburða innan háskólans. Nefna má lokaviðburð afmælisársins 2017, þegar upp er staðið, Starfamesu í samstarfi við grunnskóla, viðburði í tilefni af fullveldishátíðinni sem og jólaboð rektors. Sviðið kom einnig að undirbúningi og framkvæmd Háskólahátíðar í júní og að undirbúningi heiðursdoktorsathafnar.

Verkefnastjóri alþjóðamála hefur umsjón með nemenda-, kennara- og starfsmannaskiptum ásamt öðrum verkefnum sem tengjast alþjóðlegu samstarfi.





Á árinu 2018 voru alls 87 erlendir skiptinemar skráðir í HA, bæði í venjulegt skiptinám og í verknám, en það er fækkun um 13 nema frá árinu á undan. Nemendurnir komu frá eftirtöldum löndum: Austurríki, Bandaríkjunum, Belgíu, Danmörku, Englandi, Finnlandi, Frakklandi, Grænlandi, Ítalíu, Kanada, Kína, Noregi, Póllandi, Slóvakíu, Slóveníu, Spáni, Svíþjóð, Tékklandi, Ungverjalandi og Þýskalandi.



Alls stunduðu 42 nemendur frá HA skiptinám og verknám erlendis. Um er að ræða aukningu um 11 nemendur milli ára og voru þeir staðsettir í eftirtöldum löndum: Bandaríkjunum, Belgíu, Danmörku, Finnlandi, Færeyjum, Grænlandi, Hollandi, Kanada, Noregi, Portúgal, Spáni, Suður Kóreu, Svíþjóð, Tékklandi og Þýskalandi.

Auk þess tóku nemendur og kennarar þátt í samstarfsverkefnum í formi örnámskeiða innan Nordplus sem yfirleitt vara í um það bil viku. Tíu kennarar og starfsmenn stoðþjónustu háskólans fóru utan í kennara- eða starfsmannaskiptum í gegnum Erasmus eða Nordplus, og HA tók á móti 32 erlendum kennurum og öðrum starfsmönnum í skiptum.

Miðstöð alþjóðasamskipta HA sá um móttöku og skipulagði kynningar á háskólanum fyrir fjölmargt starfsfólk frá erlendum samstarfsskólum og sendiráðum. Einnig var tekið á móti ýmsum öðrum erlendum gestum sem komu í óformlegar heimsóknir. Háskólinn hefur nemenda- og kennaraskiptasamninga við marga erlenda háskóla. Háskólinn á Akureyri er einnig þátttakandi í hinum ýmsu alþjóðlegu samstarfsnetum sem oft eru þematengd eða fyrir ákveðnar námslínur. Samtals eru samningar og samstarfsnet um og yfir 200 talsins. Samstarf þetta er unnið í gegnum eftirfarandi skiptiáætlanir: Erasmus, Nordplus, North2North og tvíhliða samninga.

Unnið er að því auka fjölda skiptinema frá HA og árið 2018 var aukning um 11 nemendur milli ára sem er mjög jákvætt. Mið-

stöð alþjóðasamskipta HA hélt sérstaka fundi og kynningar fyrir nemendur sem hafa áhuga á að fara til útlanda í skiptinám eða framhaldsnám. Sem dæmi má nefna kynningar Fulbright-stofnunarinnar á Íslandi (Fulbright-styrkir), kynningar frá erlendum sendiráðum á Íslandi, kynningar á HA-deginum og nýnemadögum og kynningar á sumarnámskeiðum og möguleikum til skiptináms.

Háskólinn á Akureyri hélt sumarnámskeið í samstarfi við University of Reading í Englandi og fór það fram á Akureyri ásamt vettvangsferðum á nærsvæðum. Námskeiðið bar yfirskriftina Arctic Microbial Ecology Field Trip and Lab Course en það hefur verið haldið regulega í nokkur ár.

Áhugi á samstarfi við HA er stöðugt að aukast og eru bandarískir háskólar og skólar frá fleiri löndum sérstaklega að skoða samstarf í gegnum sumarskóla á Akureyri.

Vert er að benda á að þátttaka nemenda og kennara í ráðstefnunni Arctic Circle um norðurslóðamál, sem haldin er í október hvert ár, var framúrskarandi góð. Um 40 nemendur frá HA tóku þar þátt og unnu sem sjálfbóðaliðar. Margir kennarar og rannsakendur frá HA voru með erindi á ráðstefnunni. Einnig stóð HA fyrir almennum kynningarbás á ráðstefnunni í samstarfi við aðrar stofnanir sem leggja áherslu á norðurslóðamálefni.

FJÁRMÁL OG GREINING

Fjármál og greining annast helstu sameiginleg verkefni háskólans á sviði fjármála. Má þar nefna gerð fjárhagsáætlana til lengri og skemmri tíma, vinnslu bókhalds og launa, greiningu og vinnslu lykiltalna, miðlun fjárhagslegra og tölulegra upplýsinga og eftirlit, þ.m.t. vegna rannsóknarverkefna. Einnig ráðgjöf um fjárhagsleg málefni háskólans.

Á árinu 2018 var starfsemi fjármála og greiningar með hefðbundnu sniði.


Harpa Halldórsdóttir er fjármálastjóri frá og með 15. febrúar 2018.






Eftirfarandi eru lykiltölur sem lúta að starfsfólki Háskólans á Akureyri.


Fjöldi starfsmanna eftir kyni 1. desember



Akademískir starfsmenn og aðjúnktar eftir starfsheimum



Fjöldi akademískra starfsmanna og aðjúnkta



Fleiri lykiltölur eru á vef háskólans á slóðinni <https://www.unak.is/is/haskolinn/um-ha/ha-i-tolum/starfsmenn>

NÁM OG NEMENDUR

Háskólinn á Akureyri leggur áherslu á að bjóða nám með sveigjanlegu námsformi fyrir nemendur í grunnnámi. Virkt og faglegt námssamfélag er þungamiðjan í sveigjanlegu námi við HA. Til að styðja við námssamfélagið er áherslan á sveigjanleika, samskipti, kennslu og nám, og tæknilausnir í námi.

Sveigjanlegt nám er nemendamiðað nám án kröfu um daglega viðveru á háskólasvæðinu á Akureyri. Nemendur geta stundað námið óháð búsetu þar sem verkefni og verkefnaskil eru rafræn. Samskipti í sveigjanlegu námi eiga sér stað með margvíslegum hætti. Það eru samskipti í rauntíma með viðveru í skólanum eða í gegnum svonefndar fjærverur (Telepresence Robots), með notkun hinna ýmsu samskiptaforrita í rauntíma eða óháð tíma, með netpósti eða einfaldlega í gegnum síma.



Námsefni getur verið á ýmsu formi, til dæmis upptökur af fyrirlestur, texti, rafrætur og hlaðvörp. Efnið er aðgengilegt fyrir nemendur á kennslukerfi skólans. Í sveigjanlegu námi við HA er notast við fjölbreyttar kennsluaðferðir eins og til dæmis samvinnunám, vendikennslu og blandað nám. Einnig er notast við fjölbreytt námsmat, til dæmis hópaverkefni og próf, símat og leiðsagnarmat.

Kennslulotur eru haldnar reglulega yfir skólaárið en þær eru ólíkar milli námsleiða, ein, tvær eða þrjár lotur á misseri. Námskeið eru mismunandi og geta lotur geta því staðið í tvo til fimm daga í senn. Kennslulotur eru vettvangur til þess að stuðla að og styðja við námssamfélag háskólans, þar sem nemendur og kennarar vinna saman. Í lotum eru verkefni og umræður í forgrunni. Þess er krafist af nemendum að þeir mæti í kennslulotur og séu virkir á meðan á þeim stendur. Í ákveðnum aðstæðum, eins og til dæmis ef ófærð hamlar, geta nemendur í samráði við kennara tekið þátt í lotum í gegnum fjærverur.

Próf í sveigjanlegu námi er hægt að taka við Háskólann á Akureyri, í símenntunar- og fræðslumiðstöðvum um allt land eða

í viðurkenndum háskólastofnunum eða sendiráðum erlendis. Sveigjanlegt nám er í boði fyrir allt grunnnám í háskólanum en það er ólíkt milli námsleiða.

Sveigjanlegt nám við Háskólann á Akureyri er í sífelldri þróun og endurskoðun. Stuðst er við kennslufræði sem hentar hverju sinni og leitast við að nota þá tækni sem virkar á hverjum tíma til að styðja við kennslufræðina og gæði náms.


Umfram allt er sveigjanlegt nám mótað eftir þörfum námssamfélagsins við Háskólann á Akureyri.

Helstu samstarfsaðilar háskólans árið 2018 voru Miðstöð Símenntunar á Suðurnesjum, Námsflokkar Hafnarfjarðar — Miðstöð símenntunar, Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi Háskólasetur Vestfjarða, Farskólinn — Miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra, Þekkingarnet Þingeyinga, Austurbrú, Háskólafélag Suðurlands og Víska — Fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja.

Fjarnám hófst við háskólann haustið 1998, fyrst í litlum mæli en síðan mjög aukið. Langt er síðan svo var komið að stór hluti nemendahópsins var búsettur utan Akureyrar og nærsveita. Lengi vel var námsformið skilgreint sem staðarnám, fjarnám og lotunám. Með því að mest allt námsframboð skólans er nú boðið með sveigjanlegu formi er notast við þá skilgreiningu.


Eftirfarandi eru lykiltölur háskólans 15. október 2018.

Nemendur eftir landshlutum







Heildarfjöldi nemenda eftir kyni (Miðast við 15. október ár hvert)




Heildarfjöldi nemenda eftir fræðasviðum HA (Miðast við 15. október ár hvert)



Heildarfjöldi nemenda eftir námsformi (Miðast við 15. október ár hvert)



Heildarfjöldi nemenda eftir námsstigi (Miðast við 15. október ár hvert)

Eftirfarandi prófgráður voru við háskólann 2018. Einingafjöldi er gefinn upp í ECTS einingum (European Credit Transfer System):
Heilbrigðisvísindasvið:

| | | | |
|---------|--|----------|---------------|
| BS | hjúkrunarfræði | 240 ECTS | grunnstig |
| BS | iðjuþjálfunarfræði | 240 ECTS | grunnstig |
| BS | iðjuþjálfunarfræði | 180 ECTS | grunnstig |
| MS | heilbrigðisvísindi | 120 ECTS | framhaldsstig |
| Diplóma | heilbrigðisvísindi – starfsendurhæfing | 60 ECTS | framhaldsstig |
| Diplóma | heilsugæsla í héraði – klínísk | 60 ECTS | framhaldsstig |
| Diplóma | heilbrigðisvísindi | 40 ECTS | framhaldsstig |

Hug- og félagvísindasvið:

| | | | |
|---------|--|----------|-----------|
| BA | félagsvísindi | 180 ECTS | grunnstig |
| BA | fjölmiðlafræði | 180 ECTS | grunnstig |
| BA | lögreglu- og löggæslufræði | 180 ECTS | grunnstig |
| BA | lögfræði | 180 ECTS | grunnstig |
| BA | nútímafræði | 180 ECTS | grunnstig |
| BA | sálfræði | 180 ECTS | grunnstig |
| BEd | kennarafræði | 180 ECTS | grunnstig |
| Diplóma | lögreglufræði fyrir verðandi lögglumenn | 120 ECTS | grunnstig |
| Diplóma | lögreglufræði fyrir starfandi lögglumenn | 120 ECTS | grunnstig |
| Diplóma | leikskólafræði | 120 ECTS | grunnstig |



| | | | |
|--------------|------------------------------|----------|---------------|
| MA | félagsvísindi | 120 ECTS | framhaldsstig |
| MA | fjölmiðla- og boðskiptafræði | 120 ECTS | framhaldsstig |
| ML | lögfræði | 120 ECTS | framhaldsstig |
| MA | lögfræði, heimskautaréttur | 120 ECTS | framhaldsstig |
| LLM | lögfræði, heimskautaréttur | 90 ECTS | framhaldsstig |
| MA | menntavísindi | 120 ECTS | framhaldsstig |
| MEd | menntunarfræði | 120 ECTS | framhaldsstig |
| Diplóma | fjölmiðla- og boðskiptafræði | 30 ECTS | framhaldsstig |
| Diplóma | lögfræði, heimskautaréttur | 60 ECTS | framhaldsstig |
| Viðbótarpróf | menntavísindi | 60 ECTS | framhaldsstig |
| Viðbótarpróf | menntunarfræði | 60 ECTS | framhaldsstig |

Viðskipta- og raunvísindasvið:

| | | | |
|---------|-------------------------------------|----------|---------------|
| BS | líftækni | 180 ECTS | grunnstig |
| BS | sjávarútvegsfræði | 180 ECTS | grunnstig |
| BS | sjávarútvegsfræði og viðskiptafræði | 240 ECTS | grunnstig |
| BS | viðskiptafræði | 180 ECTS | grunnstig |
| Diplóma | náttúru- og auðlindafræði | 120 ECTS | grunnstig |
| MS | auðlindafræði | 120 ECTS | framhaldsstig |
| MS | viðskiptafræði | 120 ECTS | framhaldsstig |
| MS | viðskiptafræði | 90 ECTS | framhaldsstig |

Í samstarfi við Háskólasetur Vestfjarða, viðskipta- og raunvísindasvið:

| | | | |
|---------|-----------------------------|----------|---------------|
| MRM | haf- og strandsvæðastjórnun | 120 ECTS | framhaldsstig |
| MA | sjávarbyggðafraði | 120 ECTS | framhaldsstig |
| Diplóma | sjávarbyggðafraði | 90 ECTS | framhaldsstig |





NEMENDASKRÁ, ÞJÓNUSTUBORÐ NEMENDASKRÁR

Fram til 1. september var fyrirkomulag nemendaskrár með sama sniði og undanfarin ár. Þá voru gerðar skipulagsbreytingar.

Stefán Jóhannsson, forstöðumaður nemendaskrár, færðist til í starfi yfir á svið fjármála og gagnagreiningar. Af verkefnum sem fylgdu með til fjármála og gagnagreiningar má nefna ritstjórn náms- og kennsluskrár HA og margvíslega tölfraðilega greiningu á gögnum nemendaskrár.

Ýmis verkefni sem áður voru hjá nemendaskrá færðust undir Kennslumiðstöð HA. Starf verkefnisstjóra prófa og fjarkennslu færðist til og heitir síðan staða verkefnastjóra prófa og námsmats. Með þessu færðist yfir til Kennslumiðstöðvar útgáfa próftöflu, skipulag og yfirumsjón prófhalds og einkunnaskila, umsjón með framkvæmd fjarkennslu á vegum háskólans og samskipti við símenntunar- og fræðslumiðstöðvar um allt land. Ennfremur umsjón með innra upplýsingakerfi skólans, Uglu, sem og ýmis gagnamiðlun milli tölvukerfa háskólans.

Þjónustuborð nemendaskrár heyrði undir markaðs- og kynningarsvið frá og með september 2018. Á þjónustuborði nemendaskrár er leitast við að tryggja áfram gott skipulag á daglegu starfi háskólans ásamt því að veita nemendum og starfsfólki almennar upplýsingar og þjónustu. Fulltrúar á þjónustuborði nemendaskrár annast meðal annars innritun nýnema, skráningu í og úr námskeiðum og prófum, og prentun og frágang brautskráningargagna í nánu samstarfi við skrifstofustjóra fræðasviða.

Einnig veita fulltrúar almenna þjónustu og upplýsingagjöf og annast símsvörun, útgáfu vottorða og innkaup og afgreiðslu á skrifstofuvörum fyrir starfsfólk háskólans. Ennfremur sjá fulltrúar um utanumhald ferðabeiðna og flugbókana.

Þá hafa fulltrúar umsjón með allri nemendaskráningu og skjalavistun henni tengdri, ennfremur bókanir og leigu á stofum og fundaherbergjum í húsnæði skólans.

Starfsmenn þjónustuborðs nemendaskrár voru þrír, Ásdís S. Þorsteinsdóttir fulltrúi, Herdís Hulda Guðmannsdóttir fulltrúi og Sigrún Harðardóttir afgangslustjóri.

Mikil samvinna er milli fulltrúa á þjónustuborði nemendaskrár, skrifstofustjóra fræðasviða og Ugluteymis sem samanstendur af Óskari Þór Vilhjálmssyni, tæknimanni á Kennslumiðstöð, Kristjönu Hákonardóttur vefstjóra og Katrínu Árnadóttur, forstöðumanni markaðs- og kynningarsviðs.



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri er fjárhagslega sjálfstæð eining innan Háskólans á Akureyri. RHA nýtur ekki fastra fjárframlaga heldur aflar sér tekna með rannsóknarverkefnum og ráðgjöf fyrir fyrirtæki, stofnanir, ráðuneyti og félagasamtök og með innlendum og erlendum rannsóknarstyrkjum. Í skipiriti Háskólans á Akureyri tilheyrir RHA háskólaskrifstofu.

Árið 2018 störfuðu að jafnaði tíu starfsmenn í rúmlega átta stöðugildum hjá RHA. Forstöðumaður er Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir.

Markmið og hlutverk

Markmiðið með rekstri RHA er í meginatriðum fjórþætt:

- Að vera tengiliður Háskólans á Akureyri við atvinnulífið með því að sinna verkefnum fyrir það og stuðla að þekkingaryfirfærslu milli HA og atvinnulífsins.
- Að veita stuðning og þjónustu við rannsóknir innan HA og stuðla þannig að auknum rannsóknum og fjármagni til rannsókna úr samkeppnissjóðum.
- Að vinna að þróunar- og sérverkefnum á vegum HA á skilvirkan og markvissan hátt.
- Að vera tengiliður við setur og stofnanir sem starfa innan eða í tengslum við HA og skapa umgjörð til að hægt sé að hýsa litlar einingar og setur á sem skilvirkastan og hagkvæmasta hátt.

Þjónusta við HA

RHA vinnur eftir rammasamningi við HA um kaup háskólans á þjónustu frá miðstöðinni. Samningurinn er í þremur liðum:

- a) Almenn rannsóknarþjónusta við sérfræðinga HA og uppbygging tengislanets vegna umsókna í samkeppnissjóði
- b) Rekstur stjórnýsly rannsókna
- c) Þátttaka í verkefnum fyrir hönd HA

B-liður samningsins er viðamestur. Undir stjórnýsly rannsókna fellur:

- Umsjón með stigamati og rannsóknarskýrslum. Auglýsing umsóknarfrests, utanumhald umsókna um vinnumat og þjónusta við matsnefndir. Náin samvinna við vísindasvið Háskóla Íslands. Þá grunnmetur starfsmaður stjórnýsly rannsókna rannsóknir nýrra starfsmanna.

- Umsjón með umsóknum í Vísindasjóð HA og verkefnasjóð HA. Starfsmaður auglýsir umsóknarfrest, tekur á móti umsóknum, boðar stjórnir sjóðanna á fundi og er starfsmaður þeirra. Stjórnýsly rannsókna sér um að senda út svarbréf stjórnar og heldur utan um styrkgreiðslur.

- Vinna með vísindaráði HA.

- Þjónusta við dómnefnd HA vegna grunnmats og framgangs akademískra starfsmanna.

- Utanumhald um umsóknir og úthlutanir á rannsóknarmiss-erum.

- Vinna við lykiltölur um rannsóknir með lykiltöluteymi HA.

Ákveðið hefur verið að gera verulegar breytingar á samningnum fyrir næsta ár þar sem stjórnýsly rannsókna mun flytjast yfir til rektorskrifstofu (miðstöðvar doktorsnáms) 1. janúar 2019.

RHA sér um nokkur lang- og skammtímaverkefni fyrir háskólann. Má þar nefna skrifstofu Rannsóknabings Norðursins, Northern Research Forum – NRF og umsýsly vegna Sjávarútvegsmiðstöðvarinnar við Háskólann á Akureyri – SHA.

Jafnréttisráð HA fékk í fyrsta sinn starfsmann í hlutastarfi (25%) árið 2018 og gerði samning við RHA um þá vinnu.

RHA hefur undanfarin ár verið þátttakandi í ESPON byggðarannsóknarverkefnum og umsýsly íslenskan ESPON – ECP tengilið í umboði Háskólans á Akureyri.

Þátttaka í nefndum og ráðum

Leitað er til sérfræðinga RHA um þáttöku í ýmsum verkefnum í samfélaginu, svo sem Hagsmunaráði Landsnets, sem stofnað var til 2018, stýrihópi Sjálfbærni-verkefnis Alcoa og Landsvirkjunar á Austurlandi, stýrihópi Sjálfbærni-verkefnis á Norðausturlandi, samráðshópi um landsskipulagsstefnu, Faghópi 3 um samfélagsáhrif í Rammaáætlun og fleira. Þá hafa starfsmenn RHA tekið virkan þátt í ýmsu nefndarstarfi innan Háskólans á Akureyri svo sem í doktorsnámsráði og umhverfisráði.

Styrkir

RHA fékk eftirfarandi styrki á árinu:

- Frá Sóknaráætlun Eybinga. Menntunarpörf og tækifæri eftir starfssviðum og greinum á Norðurlandi eystra. Upphæð, 6 m.kr.



- Frá Bygðarannsóknarsjóði. Mönnun sveitarstjórna. Upphæð, 2 m.kr.
- Frá Rannsóknarsjóði Vegagerðarinnar. Könnun meðal atvinnubílstjóra. Upphæð 1,8 m.kr.

Rannsóknarverkefni

Rannsóknarverkefni sem unnin voru af starfsmönnum RHA voru fjölbreytt að vanda. Eftirfarandi listi yfir rannsóknarskýrslur er ekki tæmandi. Þær skýrslur sem eru opinberar eru aðgengilegar á vefsíðu RHA, www.rha.is. Ekki lýkur öllum rannsóknarverkefnum með skýrslu, svo sem minniháttar ráðgjafarverkefnum. Þá eru skýrslur um innri mál stofnana og fyrirtækja ekki birtar. Einnig er nokkuð um að áfangaskýrslur séu ekki birtar, sérstaklega í erlendum rannsóknarverkefnum.

Rannsóknarskýrslur starfsmanna RHA 2018

Áhrif orkuvinnslu í Kröflu á upplifun ferðamanna.

Höfundar: Auður H. Ingólfssdóttir, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, Anna Soffía Víkingsdóttir, Valeriya Posmitnaya.

Greiðslumark mjólkur. Tillögur um leiðir vegna sölu og kaupa.

Höfundar: Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, Helga Einarsdóttir, Hjalti Jóhannesson og Vífill Karlsson.

Heilbrigðisþjónusta á Norðurlandi vestra. Úttekt á helstu þáttum

Höfundur: Arnar Þór Jóhannesson.

Hvalárvirkjun. Mat á samfélagsáhrifum á Árneshrepp

Höfundar: Jón Þorvaldur Heiðarsson og Hjalti Jóhannesson.

Hvalárvirkjun. Mat á samfélagsáhrifum á Vestfjörðum

Höfundar: Jón Þorvaldur Heiðarsson og Hjalti Jóhannesson.

Samfélagsáhrif virkjana á Þjórsár- og Tungnaárvæði. Staðan í dag og hvernig komumst við hingað?

Höfundur: Hjalti Jóhannesson.

Stytting vinnuvikunnar. Áhrif tilraunaverkefnis um styttingu vinnuvikunnar hjá Reykjavíkurborg og völdum ríkisstofnunar á fjölskyldulíf og jafnrétti kynjanna.

Höfundar: Arnar Þór Jóhannesson og Anna Soffía Víkingsdóttir.

Viðhorf útivistarfólks og ferðamanna til virkjana á Henglinum.

Höfundar: Edward H. Huijbens, Eva Halapi og Heiða Aðalsteinsdóttir.

Því meiri samskipti - því meiri jákvæðni. Viðhorf Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu 2017. Höfundar: Eyrún Jenný Bjarnadóttir, Ásdís A. Arnalds og Anna Soffía Víkingsdóttir.

Aðrar skýrslur og greinargerðir sem ekki eru opnar almenningi.

Hólar University College. Survey on Student Satisfaction. Year 2016 Graduates.

Höfundar: Marta Einarsdóttir og Anna Soffía Víkingsdóttir.

Kjaramálakönnun Verk Vest. Höfundur: Eva Halapi.

Könnun á veitingaþjónustu og líkamsrækt Háskólans á Akureyri

Höfundur: Anna Soffía Víkingsdóttir.

Launakönnun starfsmanna Norðurlands.

Höfundur: Eva Halapi.

Náms- og starfsráðgjöf í grunnskólum á Íslandi.

Höfundar: Eva Halapi og Marta Einarsdóttir.

Spurningakönnun Einingar lóju. Vegna undirbúnings komandi kjarasamninga.

Höfundur: Eva Halapi.

Survey on Student Satisfaction 2015 — 2017 – Graduates.

Höfundur: Arnar Þór Jóhannesson.

Survey on Student Satisfaction 2015 — 2017 - Second Year Under graduates. Höfundur: Arnar Þór Jóhannesson.

Survey on Student Satisfaction. Master's Students (Hólar).

Höfundar: Arnar Þór Jóhannesson og Anna Soffía Víkingsdóttir.

Survey on Student Satisfaction. Master's Students (Hvanneyri).

Höfundar: Arnar Þór Jóhannesson og Anna Soffía Víkingsdóttir.

Survey on Student Satisfaction. Second Year Undergraduates (Hólar).

Höfundar: Marta Einarsdóttir og Anna Soffía Víkingsdóttir.

Survey on Student Satisfaction. Second Year Undergraduates (Hvanneyri).

Höfundar: Arnar Þór Jóhannesson og Anna Soffía Víkingsdóttir.

Starfsánægja starfsmanna Becromal.

Höfundur: Anna Soffía Víkingsdóttir.

The Agricultural University of Iceland. Survey on Student Satisfaction. Year 2016 Graduates.

Höfundar: Marta Einarsdóttir og Anna Soffía Víkingsdóttir.

Önnur umsýsla og þjónusta

RHA hefur séð um umsýslu Sprotasjóðs fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið síðan árið 2009. Samningurinn var endurnýjaður í þriðja sinn á árinu og gildir hann út árið 2021.



Rannsóknamiðstöð HA rekur ráðstefnuþjónustu og skipuleggur fundi og kynningar sem haldnar eru í háskólanum í samstarfi við ýmsa aðila. Þá hefur RHA haft umsjón með skipulagi og framkvæmd Vísindaskóla unga fólksins í samstarfi við stjórnendur hans.

Ráðstefnur og málstofur

Hér að neðan eru talin upp helstu ráðstefnuverkefni sem starfsmenn RHA tóku þátt í. Listinn er ekki tæmandi.

- Kynning á starfsemi RHA hjá Akureyrarbæ, 30. janúar
- Löggæsla og samfélag, 21. febrúar
- Ráðstefnuerindi um hagnýtingu byggðarannsóknna í íslensku samhengi á málstofu Hele Norden ska leva og Nordregio á Dalvík, 20. febrúar
- Þarfagreining vegna Herjólfss. Kynning á íbúafundi í Vestmannaeyjum 21. febrúar, (Skype).
- Ráðstefnuerindi um mat á samfélagslegum áhrifum framkvæmda og hlutverk þess í skipulagsferlinu á 5. norrænu ráðstefnunni um byggðarannsóknir, 15. maí, Vingsted, Danmörku
- Erindi um umhverfismál á Norðurlandi og umhverfisstefnu HA fyrir sumarskóla University of Southern California, 6. júní
- Ráðstefnuerindi um mat á samfélagslegum áhrifum framkvæmda á Umhverfismatsdeginum 8. júní
- Erindi á ársþingi BSRB um tilraunaverkefni um styttingu vinnuvikunnar, 17. september.
- Erindi í Ráðhúsi Reykjavíkur um tilraunaverkefni um styttingu vinnuvikunnar, 17. september
- Erindi um styttingu vinnuvikunnar fyrir SATA á Greifanum, 8. október
- Áhrif styttingar vinnuvikunnar í Háskólanum á Akureyri, 15. nóvember
- Opin kynning á niðurstöðum um greiðslumark mjólkur, 19. desember

Þá hélt RHA utan um fyrirlestraraðir í samstarfi við auðlinda-deild fyrir erlenda hópa:

- Fisheries and Climate change – Fyrirlestrar fyrir erlenda skólahópa á vegum EF Cultural Tours og Iceland Travel, mars til maí.
- Icelandic quota system — Fyrirlestrar fyrir Iceland Pro Cruises - maí til september.

Að auki fóru starfsmenn RHA í sjónvarps- og útvarpsviðtöl þar sem þeir kynntu rannsóknir sínar.

Á vef RHA, www.rha.is má finna nánari upplýsingar um starfsemi miðstöðvarinnar.



BÓKASAFN OG UPPLÝSINGAÞJÓNUSTA HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

Bókasafn og upplýsingaþjónusta rekur bókasafn háskólans og annast sérsöfn eins og lista- og steinasöfn. Bókasafnið sinnir einnig bókasafnsþjónustu við Háskólann á Hólum, ígildi hálfstöðugildis, sem meðal annars felur í sér upplýsingaþjónustu, millisafnalán og kennslu í upplýsingalæsi, UL.

Fastráðnir starfsmenn í árslok 2018 voru fimm talsins í fimm stöðugildum.

Forstöðumaður er Astrid Margrét Magnúsdóttir.

Starfsfólk bókasafns veitir ráðgjöf og aðstoð við upplýsinga- og heimildaleit og leggur áherslu á að veita nemendum, starfsfólki háskólans og öðrum lánþegum faglega og persónulega þjónustu. Bókasafnið leggur áherslu á að bjóða aðgang að vönduðu úrvali gagnasafna og hefur reynt að byggja safnkostinn upp jafnt og þétt þannig að hann endurspegli fræðasvið skólans. Rafrænn safnkostur bókasafnsins er aðgengilegur ýmist í opnum aðgangi, landsaðgangi, hvar.is, eða í séráskriftum á staðarneti háskólans. Sífellt fleiri rafbækur bætast við safnkostinn og ef tímarit eru til rafræn er sá kostur valinn í innkaupum. Gengið var til samninga á árinu um innkaup á rafbókum frá tveimur nýjum aðilum, Taylor & Francis og ProQuest, en frá árinu 2016 hafa rafbækur verið keyptar frá EbscoHost. Fjöldi einstakra titla rafbóka í eigu bókasafnsins er nú 106 fyrir utan fjölda rafbóka í einstökum gagnasöfnum, í landsaðgangi eða í opnum aðgangi.


Hlutverk bókasafns og upplýsingaþjónustu er að annast kennslu og þjálfun í UL, en það er sú færni sem gerir mönnum kleift að leita upplýsinga, leggja mat á gæði þeirra og hagnýta þær í námi, kennslu og rannsóknum. Fræðsla í UL fer meðal annars fram í völdum námskeiðum í samráði við kennara og í námskeiðum og viðtölum fyrir nemendur og starfsfólk. Fjarnemar geta bókað tíma í gegnum fjarfundabúnaðinn Zoom. Samtals fór kennsla og þjálfun í UL fram í 180 kennslustundum á árinu og náði til um 1.260 manns.

Forstöðumaður situr í verkefnisstjórn Skemmannar, skemman.is, þar sem varðveitt eru lokaverkefni nemenda í grunn- og framhaldsnámi og verkefnisstjórn Opinna vísinda, opinvisindi.is, þar sem vistaðar eru ritrýndar vísindagreinar starfsmanna og efni sem birtist í opnum aðgangi. Bæði varðveislusöfnin eru samvinnuverkefni allra háskóla í landinu og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns sem sér um hýsingu og rekstur þeirra.

Forstöðumaður er einnig fulltrúi HA í samráðshópi um ritstuldarvarnir sem allir háskólar landsins hafa samstarf um og hefur auk þess haft umsjón með innleiðingu á Turnitin hugbúnaðinum, turnitin.com, sem hefur það meginmarkmið að koma í veg fyrir ritstuld. Bókasafnið sér um námskeið, kynningar og daglega

aðstoð á Turnitin fyrir nemendur og kennara. Í mars heimsótti fulltrúi Turnitin Koos Kruithof háskólann og hélt fræðslufund fyrir kennara og starfsfólk. Í september héldu Jason Gibson og Maarten Mortier frá Turnitin fræðslufund í Þjóðarborghlöðu og var fundinum streymt í gegnum Panopto.

Bókasafnið tók þátt í fjölbreyttum samstarfsverkefnum á árinu. Í samvinnu við Kennslumiðstöð HA – KHA tók bókasafnið þátt í menntabúðum þar sem Turnitin hugbúnaðurinn og ORCID auðkenni fyrir rannsakendur voru kynnt. Í samvinnu við Ritver HA var í apríl haldinn opinn tími á bókasafninu undir yfirskriftinni Er lokaritgerðin að buga þig? Ritvernið er staðsett á bókasafni og hefur það meginmarkmið að efla fræðileg skrif við stofnunina en það er samstarfsverkefni hug- og félagsvísindasviðs, bókasafns og KHA. Seinna í mánuðinum var nemendum boðið að taka þátt í Segðu bless við stressið þar sem boðið var upp á fjölbreytta viðburði í samvinnu við náms- og starfsráðgjöf, KHA og Stúdentafélag Háskólans á Akureyri – SHA.



Í október tók bókasafnið þátt í árlegri viku opins aðgangs (Open Access Week) og stóð fyrir sýningu á heimildarmyndinni Paywall: The business of Scholarship. Vika um opinn aðgang er samstarfsverkefni háskólabókasafna á Íslandi og hluti af alþjóðlegri vitundarvakningu um fjármögnun og birtingu rannsókna.

Þrjár myndlistsýningar voru haldnar á bókasafninu á árinu en það voru listamennirnir Ólafur Sveinsson, Elvar Orri Brynjarsson og Helga Sigríður Valdemarsdóttir sem sýndu verk sín.

Bókasafnið hóf að nota fjærveru á reglulegum starfsmannafundum á árinu. Meðan starfsmenn sitja í fundarherbergi stendur fjærveran Auður Ársól vaktina á þjónustuborðinu og er augu okkar og eyru. Starfsmenn fylgjast með því sem fjærveran heyrir og sér í spjaldtölvu og bregðast við ef notandi þarf aðstoð. Þetta gerir okkur kleift að halda starfsmannafundi án þess að skerða þjónustuna eða loka bókasafninu.



Starfsfólk bókasafnsins í nýnemaviku haustið 2018.

Frá vinstri: Sigríður Vilhjálmisdóttir, Sigríður Ásta Björnsdóttir, Pía Sigurlína Viinikka, Kristín Konráðsdóttir og Astrid Margrét Magnúsdóttir.



KENNSLUMIÐSTÖÐ HA - KHA

Kennslumiðstöð Háskólans á Akureyri – KHA veitir kennurum faglega aðstoð við þróun kennsluhátta í sveigjanlegu námi. Slíkt er gert í formi almennrar ráðgjafar og námskeiða ásamt þróunarstarfi með áherslu á upplýsingatækni og kennslufræði. KHA ber einnig ábyrgð á öllum tölvu-, stýri- og netkerfum háskólans. Allar ákvarðanir í tengslum við kerfi skólans eru teknar í teymi þar sem þekking á kennslufræði og notendaaðstoð er fyrir hendi. Þverfaglegt samstarf kennslufræðinga og tæknimanna er mikilvægt fyrir háskóla sem leggur áherslu á sveigjanlegt nám.

Dagleg störf kennslumiðstöðvar felast í að veita nemendum og starfsfólki háskólans ýmiskonar tækni- og kennsluráðgjöf, ásamt daglegum rekstri tölvu-, stýri- og netkerfa skólans.



Fastráðnir starfsmenn í árslok 2018 voru níu í jafnmörgum stöðugildum. Töluverðar mannbreytingar urðu á árinu. Staða verkefnastjóra prófa og fjarkennslu færðist yfir til KHA frá nemendaskrá og var breytt í stöðu verkefnastjóra prófa og námsmats. Tveir aðrir fastráðnir starfsmenn bættust við, verkefnastjóri sveigjanlegs náms og starfsmaður í kerfisstjórn. Einn starfsmaður lét af störfum.

Forstöðumaður kennslumiðstöðvar er Auðbjörg Björnsdóttir.

Vorið 2018 var Kennsluráðstefna KHA haldin í þriðja sinn, með yfirskriftinni *Hvað er góð háskólakennsla?* Sigríður Halldórsdóttir, prófessor við HA, setti ráðstefnuna. Þátttakendur voru kennarar og annað starfsfólk háskóla hér á landi. Gestafyrirlestrar voru þær Merrie Kaas, prófessor við Minnesotaháskóla, og Anna Helga Jónsdóttir, lektor við Háskóla Íslands. Einnig voru flutt fjölmörg önnur framsöguerindi um efni tengd háskólakennslu.

Á vormisseri hófst formleg innleiðing PebblePads-forrits sem nota á í klínisku mati á vettvangi í hjúkrunarfræði. Notkun á beiðnakerfinu Jira hefur aukist hjá KHA og innleiðing á því stóð yfir allt árið 2018. Í júní hófst prufa á nýju kennslukerfi, Canvas, sem var síðan notað á haustmisseri í stjórnendanámi hjá Sí-

menntun HA. Einnig var það notað í einu námskeiði háskólans. Hugmyndin er að halda áfram að prófa Canvas skólaárið 2019-2020 og byrja á fyrsta árs námskeiðum innan heilbrigðisvísindasviðs og viðskipta- og raunvísindasviðs.

Fyrstu vikuna á haustmisseri voru opnir dagar eða hamingjustund hjá KHA, þar sem kennarar gátu komið og leitað tækni- og/eða kennslufræðilegra lausna í tengslum við námskeið sín.

Á haustmisseri var í fyrsta sinn boðið kennslufræðinámskeið fyrir fastráðna starfsmenn HA, Háskólakennsla og háskólanám, 10 eininga námskeið á meistarastigi. Það er í umsjón KHA. Á námskeiðinu er farið yfir kennslufræði á háskólastigi, kenningar og aðferðir. Það er í senn fræðilegt og hagnýtt og þeir kennarar sem taka námskeiðið, vinna meðfram því að breytingum í eigin námskeiðum við HA. Átta kennarar af öllum þremur fræðasviðum háskólans sátu námskeiðið. Þeir fengu allir spjaldtölvu til afnota í námskeiðinu og svo við áframhaldandi kennsluþróun. Undirbúningur að námskeiðinu stóð yfir í tvö og hálf ár. Það var vel heppnað og verður boðið aftur haustið 2019.

KHA býður kennurum að taka þátt í þróunarnámskeiðum þar sem þeir fá aðstoð við að breyta námskeiðum sínum með tilliti til kennslufræði og -tækni. Á hverju misseri er unnið með námsefni nokkurra námskeiða í slíkri þróunarvinnu.

Fjórum sinnum árið 2018 voru haldnar menntabúðir í samstarfi við bókasafn og upplýsingaþjónustu HA. Menntabúðir eru samkoma þar sem fólk kemur saman til þess að miðla af eigin reynslu og þekkingu og afla sér fróðleiks frá öðrum þátttakendum.

Á árinu voru einnig haldin fjölmörg námskeið um kennslufræði og -tækni.

Af öðrum verkefnum má nefna aðkomu Kennslumiðstöðvar að skipulagningu og framkvæmd kynningar á stoðþjónustu háskólans á nýnemadögum í ágúst. Þá tók Kennslumiðstöð þátt í Vísindaskóla unga fólksins með því að veita tækniástoð og aðgang að búnaði og kennslu. Hluti starfsfólks KHA kom að stundakennslu í grunnnámi í fjölmiðlafræði og í grunn- og framhaldsnámi í kennaradeild.

Kennslumiðstöð tók á móti nemendum úr grunnskólum Akureyrar í valfaginu Margmiðlun og snjalltæki ásamt því að taka þátt í #Eymennt menntabúðum.

Tveir starfsmenn KHA sóttu mennta og tækniráðstefnuna *Bett*, sem haldin var í London í janúar. Sóttu þeir fjölda fyrirlestra um nám og kennslu ásamt því að kynna sér forrit sem Kennslumiðstöð hefur hug á að taka í notkun eða notar nú þegar.

Fjórir starfsmenn KHA fóru í starfsþróunarferð til Minnesotaháskóla á haustmisseri og fengu meðal annars kynningu á Canvas kennslukerfinu, Active Learning kennslustofum, hermisetri sem notað er í heilbrigðisvísindum og FabLab.

Þá fluttu starfsmenn KHA erindi á nokkrum innlendum ráðstefnum: *Menntaviku* hjá Háskóla Íslands, Landsþingi Landssamtaka íslenskra stúdenta, *Sjónaukanum* hjá heilbrigðisvísindasviði HA, ráðstefnu Miðstöðvar skólaþróunar HA og KHA, *EcoMedia* ráðstefnunni á Ólafsfirði og *UTís2018* árlegu tækniráðstefnunni á Sauðárkróki.

KHA tók einnig þátt í kynningarstarfi háskólans, háskóladagskynningum á Suður- og Norðurlandi. Með í för voru fjærverur sem vöktu verðskuldaða athygli á sveigjanlegu námi við HA.





leitir.is

Innskráning

Mínar síður

LEIÐIÐ

Ný leit

Málsvafn

Virja salt

Skiðu inn leitarað.

Leit

Þarftu leit

Þessu er leitað?

Leitir.is

Vekjum athygli á að pólska er nú í boði sem þriðja tungumálið á leitir.is.

Język polski został dodany na leitir.is

Heim Um vefinn Leifbeingar Hefu samband við Jafn bókasafn Karfiþing ábyrgi leitir.is

© 2010 Landmann bókasafn hf

https://leitir.is/prime_library/leweb/action/search.do/Past/000000

DELL

STÚDENTAFÉLAG HÁSKÓLANS Á AKUREYRI — SHA



Framkvæmdastjórn 2018 – 2019, frá vinstri: Andrés Tryggvi Jakobsson varaformaður, Sólveig María Árnadóttir formaður og Einar Hannesson fjármálastjóri

Stúdentafélag Háskólans á Akureyri er félag allra innritaðra stúdenta við Háskólann á Akureyri. Félagið er fyrst og fremst hagsmunafélag stúdenta, bakland og sameiningartákn aðildarfélaga þess og þeirra aðila sem sinna trúnaðarstörfum á vegum félagsins. Stúdentafélag Háskólans á Akureyri hefur yfirumsjón með atburðum á sviði skemmtana-, íþrótt- og fjölskyldumála og stendur á bakvið aðildarfélög sín til þess að sinna þessum málaflokkum innan sinna deilda. Félagið stendur vörð um hagsmuni heildarinnar, stuðlar að bættri heilsu og líðan stúdenta og vinnur náið með starfsfólki skólans að kynningarmálum, hagsmunamálum og öðru því sem snertir stúdenta, beint eða óbeint. Auk þess vinnur félagið náið með hagsmunasamtökum annarra stúdenta, sérstalega í gegnum Landssamtök íslenskra stúdenta – LÍS.

Aðildarfélög FSHA eru deildarfélög háskólans og er það val stúdenta hvort þeir skrá sig í aðildarfélag eða ekki. Aðildarfélög sjá um hagsmunagæslu sinna félagsmanna og sitja fulltrúar þeirra deildarfundi, deildarráðsfundi og fræðasviðsfundi fyrir hönd þeirra stúdentahóps. Þá tilfæna aðildarfélög einnig fulltrúa sína í náms- og matsnefndir sinna deilda. Auk þess standa aðildarfélögin fyrir félagslífi stúdenta. Aðildarfélögin eru:

- Data, félag tölvunarfræðinema
- Eir, félag heilbrigðisnema
- Kumpáni, félag hug- og félagsvísindanema
- Magister, félag kennaranema
- Reki, félag viðskiptafræðinema
- Stafnbúi, félag nema í auðlindafræðum
- Þemis, félag laganema og lögreglufræðinema

Stúdentaráð fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Það er skipað 14 einstaklingum. Sjö eru kosnir á aðalfundi félagsins, formaður, varaformaður, fjármálastjóri og formenn fastanefnda. Þá eiga sæti í ráðinu formenn allra aðildarfélaga. Fastanefndir SHA eru: Alþjóðanefnd, Fjarnemanefnd, Kynninganefnd og Viðburðanefnd.

Framkvæmdastjórn SHA er skipuð formanni, varaformanni og fjármálastjóra ráðsins. Daglegur rekstur félagsins er í höndum framkvæmdastjórnar og ber hún ábyrgð á því að halda réttindaskrifstofu félagsins opinni fyrir stúdenta. Þá er formaður félagsins helsti talsmaður stúdenta Háskólans á Akureyri, innan veggja háskólans sem utan.

Fulltrúi SHA í háskólaráði var Berglind Ósk Guðmundsdóttir og til vara Valdemar Karl Kristinnsson, bæði skipuð til mars 2018. Aðalfulltrúi frá og með aprílfundi var Sólveig María Árnadóttir og varafulltrúi Lís Margrét Rúnarsdóttir.

Fyrsti fundur stúdentaráðs var haldinn 28. febrúar 2018 en alls voru haldnir átta fundir á starfsárinu. Á þessu starfsári áttu 14 einstaklingar sæti í stúdentaráði, ekki 13 eins og á síðasta starfsári, þar sem formaður Fjarnemanefndar á nú sæti í stúdentaráði. Fjarnemanefnd var sett á með lagabreytingu á aðalfundi félagsins 2018, en nánar má lesa um nýju fastanefndina í kaflanum um Fjarnemanefnd. Þetta er annað starfsárið þar sem formenn fastanefnda eiga sæti í stúdentaráði en um er að ræða mikilvæga breytingu sem gerð var árið 2017, en með breytingunni eru fastanefndir mun tengdari aðildarfélögum, upplýsingaflæði er skilvirkara og betra, auk þess sem fleiri stúdentar taka þátt í hagsmunabaráttu en áður.

Þá var sú lagabreyting gerð á aðalfundi félagsins 2018 að allir fulltrúar stúdenta í nefndum og ráðum háskólans fá fundarboð á stúdentaráðsfundi og var sú breyting gerð til þess að efla tengingu þeirra við stúdentaráð þar sem markmiðið er meðal annars að aðstoða, efla og styrkja þessa fulltrúa í sínum störfum. Fulltrúar stúdenta í gæðaráði HA hafa nýtt sér það vel á starfsárinu og komið inn á fundi til þess að upplýsa stúdentaráð og fá álit og ályktanir um hin ýmsu mál er snerta gæði náms og önnur hagsmunamál stúdenta skólans. Verk fyrir komandi stúdentaráð er að efla fulltrúa í öðrum nefndum og ráðum háskólans, hvetja þá til þess að mæta á fundi stúdentaráðs og leggja fram málefni og miðla því til stúdentaráðs hvaða mál eru í gangi innan nefnda og ráða. Það gæti til dæmis væri gagnlegt að stúdentaráð myndi óska eftir innlögn frá öllum nefndum reglulega yfir starfsárið.



Á fyrsta fundi stúdentaráðs var farið yfir starfsemi ráðsins og línur lagðar fyrir komandi starfsár. Stúdentaráðsfulltrúar voru allir sammála um að rauði þráðurinn í starfsemi ráðsins ætti að vera hagsmunabarátta og hagsmunagæsla stúdenta. Að mínu mati hafa allir fulltrúar stúdentaráðs lagt sitt af mörkum þegar kemur að hagsmunamálum. Formenn aðildarfélaganna hafa þurft að taka á hinum ýmsu málum innan sinna deilda, sumum erfiðum, og hefur verið aðdáunarvert að fylgjast með þeim í sínum störfum. Í þeirri vinnu hafa hagsmunir heildarinnar og fagleg vinnubrögð ætíð verið höfð að leiðarljósi, og unnið hefur verið skynsamlega.

Stúdentaráð hefur þurft að taka á erfiðum málum innan háskólans og hafa komið upp mál sem snert hafa fjölmörg. Á þeim tók stúdentaráð með faglegum hætti og af skynsemi og er ég sérstaklega stolt af því hvernig við unnum saman. Góð og skilvirk samvinna, með góðu og öflugum upplýsingaflæði, hefur tryggt farsælt starf stúdentaráðs á starfsárinu sem nú er að líða undir lok. Þegar horft er til framtíðar er gríðarlega mikilvægt að framkvæmdastjórn stuðli að tengslamyndun stúdentaráðsliða strax í upphafi og að stúdentaráð setji sér stefnu til að fylgja eftir. Áður en nýtt stúdentaráð tekur til starfa væri til dæmis gagnlegt að halda vinnufund, þar sem stúdentaráðsliðar velja því fyrir sér hvað þeir vilji gera á starfsárinu, hvernig þeir sjái það fyrir sér, hvaða markmiðum þeir vilji ná og hvernig. Auk þess þarf að tala um stóru málin og taka um þau ákvarðanir, hvaða stefnu félagið vill setja sér, þar sem gætt er að hagsmunum allra stúdenta HA.

Líkt og á síðasta starfsári hefur SHA haft þjónustusamning við Stúdentaráð Háskóla Íslands – SHÍ um lánasjóðsfulltrúa SHÍ sem þjónustar stúdenta HA samhliða stúdentum HÍ. Það er mikilvægt að þessu samstarfi sé haldið á lofti og að það sé tryggt. Þá þarf að kynna þessa þjónustu betur fyrir öllum stúdentum HA og er mikilvægt að þeir geri sér grein fyrir því hvert þeir geti leitað þegar kemur að lánasjóðsmálum. Hvað þetta varðar þá er mikilvægt að auka sýnileika á samfélagsmiðlum og vefsíðu SHA auk þess sem vert er að kynna lánasjóðsfulltrúann sérstaklega á nýnemadögum HA að hausti.

Mikið hefur verið lagt upp úr öflugri og góðri þátttöku SHA í starfsemi LÍS og hefur það skilað stúdentaráði miklu hvað varðar hagsmunabaráttu stúdenta. Við höfum tekið virkan þátt í gerð yfirlýsinga LÍS og lagt okkur fram um það að rödd stúdenta HA gleymist ekki en það er gríðarlega mikilvægt að við tökum pláss í umræðunni. Þá tók stúdentaráð virkan þátt í herferð LÍS og SHÍ er varðar LÍN. Hvað varðar innanhúsmál hefur stúdentaráð sent frá sér yfirlýsingu til FÉSTA um mikilvægi þess að bæta sorpflokkun á stúdentagörðunum og er það erindi sem þarf að fylgja eftir á

komandi starfsári. Þá lögðum við einnig fram áskorun á háskólanum þess efnis að afnema kynjamerkingar á snyrtingum skólans og er von okkar sú að háskólinn taki vel í þá áskorun.

Þegar horft er til baka er ljóst að mikið hefur verið lagt upp úr því að efla þátttöku stúdenta í hagsmunabaráttu stúdenta og í nefndum og ráðum háskólans. Háskólinn hvetur stúdenta til þátttöku í trúnaðarstörfum og tekur tillit til þeirra þegar kemur að allri ákvarðanatöku. Það er því mikilvægt að stúdentar taki því ekki sem sjálfsögðum hlut og haldi eigin rödd á lofti, innan veggja skólans sem utan. Stúdentaráð hefur á starfsárinu látið sig málefni samfélagsins varða og er mikilvægt að þannig verði það um ókomna tíð.

Sólveig María Árnadóttir formaður.



Stúdentaráð 2018 — 2019

www.sha.is



FÉLAGSSTOFNUN STÚDENTA Á AKUREYRI — FÉSTA



Félagsstofnun stúdentanna á Akureyri er sjálfseignarstofnun sem Háskólinn á Akureyri, skráðir nemendur og Akureyrarbær eiga aðild að. Tilgangur FÉSTA er að eiga og reka námsmannaíbúðir og annast aðra þjónustu við námsmenn. Sérstakar reglur gilda um úthlutun nemendahúsnæðis. Umsóknarfrestur um sumarvist er til 1. mars og fyrir vetrarvist til 20. júní.

Félagsstofnun rekur stúdentagarða við:

Skarðshlíð 46, með 14 herbergjum og 10 íbúðum sem teknar voru í notkun 1989,

Klettastíg, með 12 herbergjum og 18 íbúðum sem teknar voru í notkun 1993–1994,

Drekagil, þar sem 29 íbúðir voru teknar í notkun 2000,

Tröllagil, með 36 tveggja og þriggja herbergja íbúðum sem teknar voru í notkun í september 2004,

Kjalarsíðu, með 40 íbúðum sem teknar voru í notkun í ágúst 2008.

Framkvæmdastjóri Félagsstofnunar stúdentanna er Jónas Steingrímsson.

Stjórn FÉSTA skipuðu:

Halla Margrét Tryggvadóttir, fulltrúi Akureyrarbæjar

Hólmur Svansson, fulltrúi háskólaráðs Háskólans á Akureyri

Harpa Halldórsdóttir, fulltrúi háskólaráðs Háskólans á Akureyri

Alberta Runný Aðalsteinsdóttir nemi, skipuð af Stúdentafélagi Háskólans á Akureyri – SHA

Sandra Kristinsdóttir nemi, skipuð af Stúdentafélagi Háskólans á Akureyri – SHA.

Til vara:

Sigrún Lóa Kristjánsdóttir, fulltrúi háskólaráðs HA

Guðmundur Ólafsson nemi, skipaður af Stúdentafélagi Háskólans á Akureyri – SHA

Orri Kristjánsson nemi, skipaður af Stúdentafélagi Háskólans á Akureyri – SHA

www.festaha.is



SÍMENNTUN HÁSKÓLANS Á AKUREYRI



Símenntun Háskólans á Akureyri er ætlað að leitast við að bjóða upp á alhliða sí- og endurmenntun á háskólastigi með þarfir viðskiptavina og hagkvæmni í rekstri að leiðarljósi. Þar sem Símenntun nýtur ekki opinberra fjárveitinga þarf starfsemin að standa undir útlögðum kostnaði og taka tillit til samkeppnislaga. Starfsmenn Símenntunar eru tveir í fullu starfi. Umsýsla þjónustu er lýtur að kennsluhúsnæði og fjárhagslegum rekstri heyrir undir viðkomandi einingar háskólaskrifstofu.

Vorið 2017 gerði Háskólinn á Akureyri samning við Starfsmenntasjóð Samtaka atvinnulífsins og Samband stjórnendafélaga um umsýslu, framkvæmd og rekstur stjórnendafræslu sem Starfsmenntasjóðurinn hefur þróað. Námið er á þriðja og fjórða hæfniprepi íslenska hæfnirammans um menntun og námslok. Skiptist það í fimm lotur og er kennt með sveigjanlegu námsformi þannig að nemendur stunda námið þar sem þeir kjósa en kennsla og námsefni er allt á vefsvæðum. Á árinu voru kenndar sex lotur og stunduðu um 90 manns vítt og breitt um landið námið.

Starfsárið byrjar jafnan í ágúst með aðfaranámskeiðum fyrir nýja háskólanemendur. Námskeiðsframboð jókst enn milli ára og voru hátt í 100 námskeið í boði auk lengra náms á þremur sviðum. Því miður þurfum við alltaf að fella niður nokkurn fjölda námskeiða vegna þess að fyrirsjáanlegt er að þau standa ekki undir útlögðum kostnaði sem veldur tekjutapi vegna tilfallins undirbúnings og auglýsingakostnaðar.

Eins og undanfarin ár sóttu fleiri konur en karlar námskeið hjá Símenntun en þó þátttakendur séu á öllum aldri eru fjölmennustu hóparnir á aldursbilinu 35 til 55 ára. Námskeiðsframboðið var fjölbreytt og má þar nefna svið eins og félags- og heilbrigðisvísindi, uppeldis- og kennslufræði, persónulega færni, fjármál og rekstur og listgreina-, menningar- og upplýsingatæknitengd námskeið. Af tungumálum voru spænska og ítalska kennd, það síðarnefnda með styrk frá ítalska utanríkisráðuneytinu sem hefur styrkt ítölskukennslu við skólann í mörg ár sem hefur gert nemendum háskólans mögulegt að stunda ítölskunám sér að kostnaðarlausu. Þá hafa aukist, í samstarfi við deildir skólans, möguleikar einstaklinga með til þess bærán grunn að taka stök námskeið bæði á grunn- og framhaldsstigi og bindum við vonir við að það samstarf aukist í takt við vaxandi eftirspurn þar um.

Verkefnastjórnun - leiðtogaþjálfun (Vogl) var kennd í sjötta skipti veturinn 2017 – 2018 í samstarfi við Nordica ráðgjöf ehf. og luku 18 manns náminu í maí 2018.

Í þessu vinsæla námi er lögð áhersla á að samtvinna stjórnun og samskiptafærni. Sjöundi hópurinn hóf svo námið haustið 2018.

Á árinu 2018 stunduðu fimm konur nám í NLP-markþjálfun þar sem aðferðafræði markþjálfunar er tvinnuð er saman á hagnýttan hátt í þeim tilgangi að bæta samskipta- og leiðtogafærni. Þá hófst landsleiðsögunám í þriðja sinn að hausti 2018.

Sem fyrr komu kennarar víða að, bæði frá háskólum og úr atvinnulífinu. Óskir komu frá ýmsum, bæði einstaklingum, stofnunum og sveitarfélögum, um námskeið á ákveðnum sérsviðum sem Símenntun leitast við að mæta ásamt því að bjóða upp á námsefni sem höfðar til mismunandi starfsstétta og einnig breiðs hóps af báðum kynjum. Símenntun mun áfram leita leiða til að höfða betur til karla en tekist hefur hingað til og auka framboð námskeiða/náms óháð staðsetningu og nýta þannig þá tækni sem er til slíks í háskólanum, sem er í takt við þá þróun sem hefur orðið innan háskólans.

Elín Margrét Hallgrímsdóttir er forstöðumaður Símenntunar.

SJÁVARÚTVEGSMIÐSTÖÐIN VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI — SHA

Við SHA var einn starfsmaður í fullu starfi, verkefnastjóri, til 23. ágúst. Þann 1. september var ráðinn forstöðumaður í 50% starf út árið. Verkefnisstjóri og forstöðumaður sinntu fjölbreyttum verkefnum auk þess sem nemendur í sjávarútvegsfræði við Háskólann á Akureyri tóku virkan þátt í starfsemi SHA.

Segja má að starfsemin hafi verið með hefðbundnum hætti þar sem áhersla var lögð á Sjávarútvegsskóla Norðurlands og Austurlands, Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna og samstarf við erlenda háskóla og stofnanir, auk þess sem efnt var til samstarfs við utanríkisráðuneytið um að útvega sérfræðinga til þróunarstarfa sem og um skipulag og umsýslu námskeiða sem kennd eru á sviði sjávarútvegsfræða.

Á meðal helstu verkefna má nefna:

• SJÁVARÚTVEGSSKÓLI AUSTURLANDS

Verkefnastjóri SHA sá um skipulag og utanumhald Sjávarútvegsskóla Austurlands. SHA tók við því verkefni sumarið 2016 en það hafði áður verið á höndum fyrirtækja og sveitarfélaga á Austurlandi. Þetta er framtíðarverkefni sem skilar tekjum í Sjávarútvegsmiðstöðina, en þau fimm sjávarútvegsfyrirtæki á Austurlandi sem tóku þátt í skólanum 2018 greiddu rúmlega 4 milljónir króna til SHA fyrir skipulag og utanumhald verkefnisins. Aðrir styrkir voru samtals kr. 900.000 og kom sú upphæð til frádráttar frá greiðslum fyrirtækjanna. Nemendur í sjávarútvegsfræðum við HA sinntu kennslu við skólann í sumarstörfum.

• SJÁVARÚTVEGSSKÓLI NORÐURLANDS

Verkefnastjóri SHA stofnaði Sjávarútvegsskóla Norðurlands sumarið 2017 og sá alfarið um skipulag og utanumhald hans. Einnig þetta er framtíðarverkefni sem skilar tekjum í Sjávarútvegsmiðstöðina. Nemendur voru nokkuð fleiri en á Austurlandi og þau sex fyrirtæki sem tóku þátt í Sjávarútvegsskólanum á Norðurlandi greiddu rúmlega 3,6 milljónir króna. Aðrir styrkir til verkefnisins voru kr. 250.000 og kom sú upphæð til frádráttar greiðslum frá fyrirtækjunum. Nemendur á lokaári í sjávarútvegsfræðum við HA sinntu kennslu við skólann í sumarstörfum og báru ennfremur ábyrgð á skólunum báðum þegar verkefnastjóri fór í sumarfrí.

• SAMSTARF VIÐ ERLENDA HÁSKÓLA

Áframhaldandi samstarf við IWATE University í Japan endaði þetta árið á fjögurra daga heimsókn starfsmanna frá

IWATE University til HA í mars og sá verkefnastjóri SHA um skipulag og framkvæmd heimsóknarinnar.

• SJÁVARÚTVEGSSKÓLI SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA – UNU – FTP

Sjávarútvegsmiðstöðin hefur umsjón með nemendum UNU – FTP á meðan dvöl þeirra á Akureyri stendur yfir, en hópurinn kemur allur í nokkurra daga heimsókn seint á haustmiseri og situr fyrirlestra. Í framhaldi af því vinna tveir til fimm nemendur að verkefnum sínum við HA yfir rúmlega þriggja mánaða tímabil. Tekið var á móti tveimur erlendum prófessorum í tengslum við skólann og þeim kynntur tækni- og fiskiðnaður á Norðurlandi. Einnig voru skipulagðar heimsóknir fyrir aðstoðarfiskimálastjóra Nígeríu til Samherja hf. og Söllu fiskmiðlunar á Dalvík. Verkefnistjóri var meðleiðbeinandi við lokaverkefni eins nemenda UNU – FTP.

• HÚNI II

Í lok sumars vann verkefnastjóri SHA í samstarfi við nokkra nemendur í sjávarútvegsfræði við HA og meðlimi Hollvinafélags Húna II að verkefninu Frá öngli í maga. Verkefnið stóð yfir í 2 vikur og gekk út á það að fara með alla nemendur í 6. bekk á Akureyri og nágrenni í sjóferð á Húna, þar sem þeim var kynntur sjávarútvegur og sjávarlíffræði Eyjafjarðar. Nemendur fengu einnig að prófa sjóstöng og var afli grillaður og borðaður um borð.

• KENNSLA

Verkefnastjóri SHA hafði umsjón með áfanganum Auðlinda- og umhverfishagfræði sem kenndur var á vormisseri 2018 í sjávarútvegsfræði við HA. Verkefnastjóri var einnig umsjónarmaður með umfangsmiklu verkefni í þeim áfanga (15% hluti námskeiðs). Verkefnastjóri hafði umsjón með áfanganum Fiskifræði og kom auk þess að verklegrri kennslu í áföngunum Fiskifræði og Stofnstærðarfræði.

• SAMSTARF VIÐ UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Forstöðumaður sér um utanumhald verkefnis sem unnið er í samstarfi við utanríkisráðuneytið vegna þróunarverkefnis á vegum Alþjóðabankans. Sjávarútvegsmiðstöðin hefur umsjón með því að útvega sérfræðinga innan raða Háskólans á Akureyri til þeirra verkefna sem óskað er eftir þróunaraðstoð við. Einn sérfræðingur frá HA vann ráðgjafastörf í Víetnam á árinu þessu tengd.



- **Sjávarútvegsráðstefnan 2018**

Forstöðumaður vann að verkefnum vegna Sjávarútvegsráðstefnunnar 2018. Var hann m.a. málstofustjóri á einni málstofu sem tilheyrði nemendavettvangi ráðstefnunnar sem fól í sér að útvega fyrirlesara og skipuleggja málstofuna í samstarfi við framkvæmdastjóra hennar og aðrar menntastofnanir.

Starfsmenn SHA á árinu: Gunnar Þór Halldórsson verkefnisstjóri lét af störfum í ágúst. Guðrún Arndís Jónsdóttir var ráðin í 50% starf forstöðumanns frá og með 1. september. Fjórir nemendur við háskólann voru ráðnir tímabundið við kennslu í Sjávarútvegs-skólanum á Austurlandi og á Norðurlandi.

RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ FERÐAMÁLA – RMF

Rannsóknamiðstöð ferðamála er miðstöð rannsókna, fræðslu og samstarfs í greinum sem tengjast ferðamálum. RMF er starfrækt af Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri og Háskólanum á Hólum í samstarfi við Samtök ferðaþjónustunnar og Ferðamálastofu. RMF sinnir fjölbreytilegum viðfangsefnum á sviði ferðamálarannsókna í tengslum við atvinnulíf og innlenda sem erlenda háskóla. Höfuðstöðvar RMF eru í Háskólanum á Akureyri, en frá árinu 2012 hefur jafnframt verið starfrækt skrifstofa við Háskóla Íslands.

Árið 2018 var eitt það umfangsmesta í sögu RMF og hafa verkefnið sjaldan verið fjölbreyttari eða fleiri. Meginþungi starfseminnar fólst sem fyrr í gagnasöfnun, úrvinnslu, skýrsluskrifum og kynningu niðurstaðna, ásamt undirbúningi nýrra rannsóknaverkefna.

Starfsfólk RMF flutti víða fyrirlestra sem ýmist byggðu á niðurstöðum rannsókna RMF eða fjölluðu um hinar ýmsu áskoranir sem tengjast uppbyggingu og stýringu ferðaþjónustu. Venju samsvæmt var rík áhersla á að efla tengsl og styrkja rannsóknarsamstarf bæði innanlands og utan. Ferðamálin koma víða við og áhrifa ferðaþjónustu gæti víða. Því er mikilvægt að efla þverfaglegt og þverfræðilegt rannsóknarstarf sem getur stuðlað að öflugu þekkingarsamfélagi á sviði ferðamála.

Starfsfólk RMF bæði stýrði og tók þátt í gerð nokkurra umsókna í erlenda og innlenda sjóði, meðal annars í Rannsóknasjóð. Í desember undirrituðu rektorar Háskólans á Akureyri, Háskóla Íslands og Háskólans á Hólum nýjan samning um RMF á grundvelli 3. mgr. 26. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla.

Fjórir sérfræðingar bættust við starfslíð RMF. Starfsfólk árið 2018 var:

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir forstöðumaður

Auður H. Ingólfssdóttir sérfræðingur

Elísabet Ögn Jóhannsdóttir sérfræðingur, frá 1. október

Eyrún Jenný Bjarnadóttir sérfræðingur

Helga Einarsdóttir sérfræðingur, frá 3. september

Íris Hrund Halldórsdóttir sérfræðingur, frá 1. mars, aðsetur í Reykjavík

Vera Vilhjálmsdóttir sérfræðingur, frá 15. mars, aðsetur í Reykjavík

Þórný Barðadóttir sérfræðingur

Valeriya Posmitnaya sumarstarfsmaður

